

# Félags- og mannvísindadeild

**BA-ritgerð**

**„Fallega skreyttir líkamar”**  
Sögur um húðflúr



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Jóhanna Árnadóttir**

**Febrúar 2009**

Umsjónarkennari: Valdimar Tr. Hafstein

Nemandi: Jóhanna Árnadóttir

Kennitala: 111284-2299



## Ágrip

Eftirfarandi ritgerð fjallar um húðflúr, nánar tiltekið ástæður þess að fólk ákveður að láta húðflúra sig og þá merkingu sem húðflúrið hefur fyrir þann sem það ber. Heimur húðflúrsins hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi og almenningsálit á húðflúrum breyst mikið. Áður fyrr var húðflúr fyrst og fremst tengt við jaðarhópa á borð við fanga og sjóara en nú orðið er það yfirleitt viðurkennt af fólki af hvaða samfélagsstétt sem er. Húðflúr eru ekki feimnismál lengur og flestir tilbúnir að ræða þau húðflúr sem þeir bera.

Leitað var svara við rannsóknarspurningum ritgerðarinnar í gegnum eigin viðtalsrannsókn og með viðtölum við fólk sem ber og gerir húðflúr. Til hliðsjónar voru aðrar rannsóknir á sama efni notaðar, einkum bækurnar *Bodies of Inscription* eftir Margo DeMello og *Permanence* eftir Kip Fulbeck.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að flestir tengjast þeim húðflúrum sem þeir bera miklum tilfinningaböndum og langflest hafa þau djúpa persónulega merkingu, þó svo að sú merking sé oft á tíðum ekki augljós fyrir aðra en þann sem ber húðflúrið. Langoftast virðast húðflúr standa vörð um kæra minningu, sýna persónuleika einstaklingsins, láta í ljós að viðkomandi tilheyri ákveðnum hópi eða „bara“ til að skreyta líkamann.

## **Efnisyfirlit**

Myndaskrá.....	5
Inngangur.....	6
Ástæður húðflúrs.....	12
Merking húðflúrs: að innan og utan.....	25
Þróun á Íslandi.....	36
Niðurlag.....	43
Heimildaskrá.....	46

## Myndaskrá

Mynd 1: Fulbeck, Kip. <i>Permanence</i> . Aurum Press Ltd, London 2008. Bls. 133.....	14
Mynd 2: Kross og rúnir Hildar (2008). Ljósmynd: Jóhanna Árnadóttir (ljósmynd í eigu höfundar).....	18
Mynd 3: Innsti kjarni Arnar (2008). Ljósmynd: Jóhanna Árnadóttir (ljósmynd í eigu höfundar).....	19
Mynd 4: Fulbeck, Kip. <i>Permanence</i> . Aurum Press Ltd, London 2008. Bls. 111.....	19
Mynd 5: Vegvísir Kolbrúnar (2008). Ljósmynd: Jóhanna Árnadóttir (ljósmynd í eigu höfundar).....	20
Mynd 6: Trillurnar þrjár á Helgu (2008). Ljósmynd: Jóhanna Árnadóttir (ljósmynd í eigu höfundar).....	22
Mynd 7: Fulbeck, Kip. <i>Permanence</i> . Aurum Press Ltd, London 2008. Bls. 53.....	23
Mynd 8: „Tribal” og kona Þóris (2008). Ljósmynd: Jóhanna Árnadóttir (ljósmynd í eigu höfundar).....	23
Mynd 9: Minning um föður Kolbrúnar (2008). Ljósmynd: Jóhanna Árnadóttir (ljósmynd í eigu höfundar).....	28
Mynd 10: Fulbeck, Kip. <i>Permanence</i> . Aurum Press Ltd, London 2008. Bls. 104.....	30
Mynd 11: Hringur Rutar (2008). Ljósmynd: Jóhanna Árnadóttir (ljósmynd í eigu höfundar).....	31
Mynd 12: Fulbeck, Kip. <i>Permanence</i> . Aurum Press Ltd, London 2008. Bls. 50.....	31
Mynd 13: Örlagavefur Hildar (2008). Ljósmynd: Jóhanna Árnadóttir (ljósmynd í eigu höfundar).....	38
Mynd 14: Hávamál Rutar (2008). Ljósmynd: Jóhanna Árnadóttir (ljósmynd í eigu höfundar).....	38

## Inngangur

Í mínum huga eru húðflúr listaverk, sá sem ákveður að fá sér húðflúr tekur þá ákvörðun að láta skreyta líkama sinn, verða gangandi listaverk. Húðflúr eru varanlegri heldur en aðrar líkamsskreytingar eins og til dæmis förðun, þar sem að það skolast hvorki né þvæst af húðinni. Húðflúr eru óafturkræf. Húðflúr þarf ekki að vera fullkomlega gert til að sá sem það beri þyki vænt um það, væntumþykjan tengist persónulegri merkingu flúrsins.

Þær spurningar sem ég legg upp með í ritgerðinni eru yfirgripsmiklar og fjalla um líkamann sem miðil til að tjá sig. Af hverju lætur fólk húðflúra sig, hver er tilgangur þess og hvaða merkingu hefur húðflúrið fyrir einstaklinginn sem það ber? Ég tel að ritgerðin svari þessum spurningum upp að vissu marki. Heimildir um húðflúr á Íslandi eru ekki yfirgripsmiklar og sá hópur sem ég tók fyrir þröngur. Ritgerðin svarar því af hverju þessi hópur lét húðflúra sig og hvaða merkingu þeirra húðflúr hafa. Þær niðurstöður sem ég komst að virðast þó vera í samræmi við niðurstöður þeirra fræðimanna sem ég skoðaði. Ástæða þess að einstaklingar fá sér húðflúr í okkar samfélagi virðast vera sambærilegar, sama hvar á hnettinum þeir eru.

Sem mikil áhugamanneskja um húðflúr og húðflúraður einstaklingur eru þetta spurningar sem ég hef margoft verið spurð og spurt aðra. Flestir vilja vita hvað það er sem fær fullorðið fólk til að leggja á sig líkamlegan sársauka og kostnað fyrir mynd eða tákni á húðina. Húðflúr eru varanleg því enda þótt til séu „laser“ meðferðir sem eiga að eyða húðflúrum þá eru það erfiðar og kostnaðarsamar aðgerðir. Þeir sem fá sér húðflúr hugsa sér það yfirleitt sem varanlegt, eitthvað sem þeir geta dáðst að og sýnt öðrum með stolti. Hjá mér og flestum þeim sem ég þekki fór mikill tími og vangaveltur í húðflúrin, þau eru ekki skyndiákvarðanir teknar yfir drykkju. Þau húðflúr sem ég hef skoðað eru misjafnlega stór og staðsett á misjöfnum stöðum á líkamanum en öll eiga þau eitt sameiginlegt: að skipta þá sem þau bera miklu máli. Þó svo að merking húðflúrs sé ekki augljós fyrir óviðkomandi og sá sem það ber ræði það ekki dags daglega eru húðflúrin oft á tíðum hluti af sjálfsímynd viðkomandi og samtvinnuð persónuleika hans.

Allir í samfélaginu virðast hafa skoðanir á húðflúrum og þeim sem þau bera, hvort sem að þær skoðanir eru jákvæðar eða neikvæðar og virðast ekki hika við að viðra þær. Þegar ég hef rætt við fólk um efni ritgerðarinnar hafa flestir fundið sig knúna til að segja mér frá eigin skoðunum á húðflúri. Með því móti hef ég fengið álit margra á húðflúrum, óumbeðið.

Húðflúr virðast alltaf vekja upp einhver viðbrögð. En það eru ekki eingöngu þeir sem ekki bera húðflúr sem gagnrýna þau heldur einnig þeir húðflúruðu sem gagnrýna og dæma hver annan.

Áður en lengra er haldið vil ég staðsetja mig í því umhverfi sem ég mun fjalla um í ritgerðinni. Ég er eins og áður segir áhugamanneskja um húðflúr, þræði vefi tengda þeim, les tímarit tengd húðflúrum og hef mætt á þær húðflúrráðstefnur sem haldnar hafa verið hérlandis. Ég er með þrjú húðflúr á líkamanum og áform um fleiri. Húðflúrin mín eru öll lítil og auðvelt að fela en hafa öll misjafna merkingu fyrir mig. Ég fékk mér tvö húðflúr í einu þegar ég byrjaði að fá mér húðflúr. Það var árið 2001, þegar ég er 16 ára gömul í sumarleyfisferð með systur minni og móður í Portúgal. Í þeirri ferð eignaðist ég vini sem voru með húðflúr og höfðu hugsað sér að fá sér fleiri á meðan að á för þeirra stóð. Fyrir þann tíma hafði ég oft dáðst að húðflúrum annarra en ekki velt þeim fyrir mér af neinni alvöru. Þarna gerðist það að ég var stödd í hópi fólks sem ræddi það af alvöru að fá sér húðflúr og fór með þeim á húðflúrstofu. Þar fór ég að velta fyrir mér hvernig húðflúr ég vildi bera. Ég varð strax ákveðin í því að fá mér húðflúr í þessari ferð en gat ekki gert upp við mig hvað ég vildi bera. Einn daginn fékk ég hugmynd og þar með var annað húðflúrið fætt. Það myndi verða nafn föður míns, Árni, í rúnum. Faðir minn lést úr krabbameini árinu áður. Ég ákvað að ég vildi hafa það á ökklanum. Þrátt fyrir að ákveða þennan stað fannst mér ristin fallegur staður fyrir húðflúr og ég ákvað því með stuttum fyrirvara að fá eitt þar líka. Ég ræddi við húðflúrarann og hann teiknaði upp fyrir mig „tribal” mynstur. Hann reyndi að telja mig af því að fá mér húðflúr á ristina og sagði að það væri slæmur staður þar sem að húðin þar væri svo þunn en ég lét það ekki á mig fá og það fór á þann veg að ég kom með tvö húðflúr heim úr þessari ferð.

Þriðja húðflúrið var gert þegar ég var stödd sem skiptinemi í Argentínu árið 2004. Ég ákvað það nánast um leið og ég kom að ég vildi fá húðflúr til minningar um dvöl mína þar en var lengi að ákveða hvað það ætti að vera. Lengi vel var ég ákveðin í því að fá mér sólina sem er í argentíska fánanum en á endanum hætti ég við það og kom heim með annað „tribal” húðflúr á mjóbakinu. Í „tribalinu” eru þrjár stjörnur en þær tákna fjósakonurnar þrjár sem á þessum tíma skiptu mig máli.

Þar sem að ég á mikla sögu um ekki fleiri eða stærri húðflúr fannst mér upplagt að skoða sögur annarra um þeirra húðflúr, því að flestir virðast luma á frásögnum um



þau húðflúr sem þeir bera. Flestir sem ég hef talað við hafa verið mjög jákvæðir gagnvart því að ræða um húðflúrinn sín og haft gaman af.

Flest viðtölin sem ég tók eru við einstaklinga í mínu eigin umhverfi, við fólk sem ég umgengst reglulega. Þar af leiðandi getur verið að við litum hugmyndir hvers annars um húðflúr. Ég tók þá ákvörðun að leita til fólks sem ég umgengst vegna þess að þau tilheyra því umhverfi sem ég er hluti af og hef innsýn í. Viðtölin voru tekin á um hálfis árs tímabili og voru fleiri viðtöl tekin heldur en þau sem eru notuð í ritgerðinni. Í heildina tók ég níu viðtöl og nota sex af þeim. Í tveimur tilvikum þar sem ég nota ekki viðtölin er ástæðan einfaldlega sú að mér fannst það sjónarhorn sem viðkomandi lýsir koma fram annarsstaðar. Þriðja viðtalið sem ég nota ekki passar einfaldlega ekki við ritgerðina mína þar sem að þegar það var tekið ætlaði ég að byggja ritgerðina öðruvísi upp og hafa aðrar áherslur.

Af þessum níu viðtölum voru sjö viðmælendur sem ég þekki vel og eru hluti af mínu eigin umhverfi. Viðmælendur eru vinkonur mínar og makar þeirra, fólk sem ég umgengst reglulega. Eina viðtalið sem ég nota og var ekki við viðmælendur sem ég þekki vel var við eigendur og starfsmann Íslenzku húðflúrstofunnar. Það viðtal fór þannig fyrir sig að ég fór á stofuna til þeirra, útskýrði ritgerðina mína og spurði hvort ég mætti taka viðtal við þá. Þeir tóku vel í það og ég mætti nokkrum dögum síðar og tók viðtalið. Það var tekið við þá alla í einu á meðan einn þeirra var að húðflúra viðskiptavin. Eitt viðtal til viðbótar var tekið upp á þann hátt að tveir einstaklingar voru spurðir saman en annars voru þetta einstaklingsviðtöl.

Allir þeir viðmælendur sem ég talaði við voru valdir fyrst og fremst vegna þess að ég vissi um húðflúr sem þeir báru sem mér fannst áhugaverð, langaði til að skoða betur og vita meira um. Fyrsta viðtalið sem ég tók var við Kolbrúnu Jónsdóttur sem er góð vinkona mín. Hún hefur sama áhuga á húðflúrum og ég og var með stórt og mikið húðflúr í vinnslu þegar ég byrjaði að vinna að ritgerðinni. Þar af leiðandi fannst mér upplagt að byrja á henni. Í fyrsta viðtalinu var ég með fleiri spurningar tilbúna heldur en að ég spurði og hún talaði meira frá eigin brjósti heldur en ég gerði mér grein fyrir að hún myndi gera, með þessu viðtali mótuðust því önnur viðtöl. Viðtalið við Kolbrúnu fór fram á hennar heimili og bara við tvær viðstaddir. Þetta var eina viðtalið sem ég tók þar sem að ég og viðmælandinn vorum bara tvö. Í öðrum viðtölum voru fleiri viðstaddir. Ég sá ekki mun á því hvort að viðmælendur töluðu minna eða meira eftir því sem þeir voru í einrúmi eða ekki.

Næsta viðtal sem ég tók var við Rut Elíasdóttur. Það var tekið á kaffihúsi í miðbæ Reykjavíkur. Þriðja viðtalið var áður nefnt viðtal við eigendur og starfmann húðflúrstofu. Fjórða viðtalið var við Hildi Hlíf Hilmarsdóttur og Helgu Katrínu Emilsdóttur sem eru báðar æskuvinkonur mínar. Það viðtal var tekið á mínu heimili og fóru viðtölin við þær fram á sama tíma. Fimmta viðtalið var við Þóri Hilmarsson, sem er eiginmaður vinkonu minnar. Það viðtal fór fram á heimili þeirra. Ég tók einnig viðtal við eiginkonu hans sem var ekki notað í ritgerðinni. Sjötta og síðasta viðtalið sem að er notað í ritgerðinni er við Örn Geirdal en hann er maki annars viðmælanda. Það viðtal fór fram í heimahúsi.

Þar sem að nánast allir viðmælendur mínir er fólk í mínu umhverfi þá fannst mér gefast betur að taka ekki formleg viðtöl heldur setti þau upp sem spjall, eins og ég væri í kaffi. Ég gerði mér fljótt grein fyrir því að viðmælendur mínir, vinir mínir, urðu vandræðalegir ef ég varð of formleg eða upptökutækið áberandi. Flest viðtölin tóku um þrjátíu mínútur í upptöku þó að efnið hafi yfirleitt verið rætt lengur, fyrir eða eftir upptökurnar sjálfar. Ég hafði rætt efnið áður við alla viðmælendur mína og þar með gefið þeim færi á að undirbúa sig fyrir viðtölin. Ég skrifaði viðtölin ekki upp í heild sinni, mér fannst það ekki passa þar sem að viðtölin voru sett upp eins og spjall. Ég skrifaði þó allt upp sem ég gerði ráð fyrir að nota.

Fyrir viðtölin undirbjó ég mig á þann hátt að ég var með nokkrar fyrirfram ákveðnar spurningar, spurningar sem ég spurði alla viðmælendur mína. Þær spurningar sem ég lagði fyrir alla viðmælendur voru hvað þeir væru með mörg húðflúr, hvar þau væru staðsett á líkamanum og af hverju þau væru staðsett þar sem þau eru. Einnig spurði ég hvaða merkingu hvert húðflúr hefði fyrir viðkomanda og hvaða húðflúr viðmælanda þætti vænst um. Ég reyndi að orða spurningarnar þannig að þær væru opnar og að viðmælendur gætu bætt við eins og þeir vildu. Í öllum tilfellum gekk vel að fá viðmælendur til þess að segja frá húðflúrunum sínum og hvaða tilfinningar þeir bera til þeirra, því eins og áður kom fram höfðu flestir gaman af að ræða við mig um húðflúrinn sín. Það sem ég lærði af viðtölunum sem ég tók var hvað húðflúrinn sem þessir einstaklingar bera voru persónuleg og höfðu mikla merkingu.

Heimur húðflúrs á Íslandi er ekki stór og skriflegar heimildir um hann af skornum skammti. Saga húðflúrs á Íslandi er stutt miðað við önnur lönd. Það er tiltölulega stutt síðan farið var að gera húðflúr á Íslandi, það var til dæmis ekki til neinn markaður fyrir þau af viti fyrr en upp úr 1990. Fyrir þann tíma var bara einn viðurkenndur húðflúrari starfandi á Íslandi og húðflúr almennt tengd við sjóara og aðra

jaðarhópa. Í dag eru húðflúrstofur orðnar fleiri á Íslandi og þeir sem bera húðflúr orðnir viðurkenndari hópur af samfélaginu.<sup>1</sup> Íslenskir húðflúrarar telja að upphaf vinsælda húðflúra á Íslandi megi rekja til þess þegar Björk Guðmundsdóttir söngkona lét húðflúra sig, Ægishjálms á upphandlegginn einhvern tíma á árunum 1988 – 1990. Engin af þeim húðflúrurum sem ég ræddi við var þá tekinn til starfa.

En þegar þeir byrjuðu árin 1993 og 1995 sáu þeir ennþá ummerki um vinsældir Ægishjálms Bjarkar, þar sem að fólk kom til þeirra og bað þá að húðflúra á sig Ægishjálms. Í viðtali vegna þessarar rannsóknar sögðu þeir að áður en að húðflúrið hennar Bjarkar hafi orðið vinsælt hafi þeir sem báru húðflúr á Íslandi aðalega verið fangar, sjóarar og aðrir „delar“. Samkvæmt þeim hefur húðflúr verið vinsælt á Íslandi síðan þá.<sup>2</sup>

Flestar rannsóknir á nútímahúðflúrum, og menningu tengdri þeim sem ég fann virðast vera frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Ekki er hægt að bera saman íslenskan húðflúrsheim við það sem tíðkast erlendis þar sem að erlendir húðflúrsheimar eiga sér mun sterkari hefðir og hafa gengið í gegnum mun fleiri breytingar heldur en sá íslenski. Þær rannsóknir sem ég hef kynnt mér um efnið eru flestar komnar frá Bandaríkjunum og fjalla um mismunandi bandaríska hópa. Ég tek mið af þeim og reyni að setja í samhengi við íslenskan veruleika en verð meðfram því að geta svolítið í eyðurnar og reyna að staðfæra. Sumt er ekki hægt að staðfæra en ég mun taka þær rannsóknir fyrir að einhverju leiti.

Mínar helstu heimildir í ritgerðinni eru auk viðtala og ljósmynda sem ég tek sjálf, tvær bækur sem báðar eru erlendar. Annars vegar er bókin *Bodies of Inscription* eftir Margo DeMello sem er yfirgripsmikil, etnógrafísk bók um húðflúr í Bandaríkjunum. Höfundurinn DeMello er mannfræðingur sem er einnig húðflúraður einstaklingur og er því bæði hluti af hópnum sem hún rannsakar og utanaðkomandi sem fræðimaður. Hún rannsakar í bók sinni húðflúr frá öllum sjónarhornum en fyrst og fremst hvernig húðflúr hafa þróast í gegnum tíðina með samfélagsbreytingum. Hún rannsakar hvaða áhrif millistéttin í Bandaríkjunum og aðrir samfélagshópar höfðu á húðflúr og hvernig húðflúrmenningin breyttist í kjölfarið.

---

<sup>1</sup> Viðtal 3 (2008, 6.mars). Viðtal höfundar við eigendur og starfsmenn Íslenzku húðflúrstofunnar, Jón Pál, Búra og Fjölni (í vörslu höfundar).

<sup>2</sup> Viðtal 3 (2008, 6.mars). Viðtal höfundar við eigendur og starfsmenn Íslenzku húðflúrstofunnar, Jón Pál, Búra og Fjölni (í vörslu höfundar).

Hins vegar er bókin sem gaf mér hugmyndina að ritgerðinni, *Permanence* eftir Kip Fulbeck, en í þeirri bók eru myndir af húðflúruðum einstaklingum og þeirra eigin orð um húðflúrinn sem þau bera. Bókin var gerð til þess að gefa þeim húðflúruðu færi á að útskýra eigin húðflúr og utanaðkomandi færi á að skilja heim húðflúra betur.

Ég tók einnig þá ákvörðun að fara lítið sem ekki neitt yfir sögu húðflúrs í heiminum þar sem að mér fannst það í raun annað umfjöllunarefni heldur en það sem ég tek fyrir í þessari rannsókn. Húðflúr á sér viðamikla og fjölbreytta sögu eftir heimshlutum og menningarheimum og því í raun ómögulegt í ritgerð sem þessari að gera þeirri sögu greinagóð skil. Ég tek heldur ekki fyrir líkamsgatanir og aðrar merkingar sem oft hafa verið tengd við húðflúr.

Ritgerðinni er skipt upp í þrjú kafla. Fyrsti kaflinn fjallar um ástæðu þess að fólk fær sér húðflúr, bæði persónulega og samfélagslega merkingu þeirra. Farið er í gegnum húðflúr í hópum eins og til dæmis fanga og húðflúr einstaklinga með því að rýna í frásagnir einstaklinga um eigin húðflúr. Einnig skoða ég flokkunarkerfi sem fræðimennirnir DeMello og Sanders hafa notast við til að útskýra húðflúr og merkingu þeirra og túlka í gegnum þau viðtöl og myndir sem ég tók. Annar kaflinn tekur á því hvernig húðflúr birtist sem menning og hvaða ímynd húðflúr hafa í samfélaginu. Einnig er farið í gegnum þær breytingar sem urðu á húðflúri eftir 1970 þegar fleiri þjóðfélagshópar urðu hluti af húðflúrmenningu í Bandaríkjunum. Með breytingunum komu fleiri húðflúrstillar fram og húðflúr voru í fyrsta skipti tengd við persónulegan þroska einstaklingsins. Þriðji kaflinn fer svo yfir þróun húðflúrs á Íslandi, hvernig heimur húðflúrs hefur breyst hérlendis og hvernig hann birtist almenningi.

Heimur húðflúrs á Íslandi er ekki stór miðað við það sem gengur og gerist í mörgum öðrum löndum og saga þeirra hérlendis stutt. Húðflúr virðast heldur ekki birtast í miklum mæli í umhverfi okkar. Samt sem áður er búið að „listvæða” húðflúr og breyta með því skilgreiningu almennings á þeim. Húðflúrinn tilheyrir ekki lengur lægri stéttum samfélagsins heldur öllum samfélagshópum, konum jafnt og körlum. Alltaf liggur sama spurningin í loftinu en það er: af hverju? Hvað er það sem fær fólk á öllum aldri til þess að leggja út sársauka og kostnað fyrir húðflúr?

## Ástæður húðflúrs

Orðið húðflúr (e. tattoo) kom Vesturlandabúum fyrst fyrir sjónir árið 1769 í ferðasögu landkönnuðarins James Cook um Pólýnesíu. Cook virðist hafa kynnst húðflúrum á meðal húðflúraðra Taítúbúa, en orðið er komið úr þeirra orðaforða. Fyrir þann tíma höfðu landkönnuðir skoðað húðflúr innfæddra á þeim svæðum sem þeir fóru um en enginn virðist hafa haft jafn mikinn áhuga á þeim og Cook. Það að húðflúr hafi verið skrásett í fjarlægum löndum en ekki á heimaslóðum Cooks, Bretlandi, þarf ekki að þýða að húðflúr hafi ekki verið gerð á Bretlandi, eða í hinum vestrænu ríkjum á þessum tíma.<sup>3</sup>

Meginástæða þess að fólk fær sér húðflúr í nútímasamfélagi er einfaldlega sú að því langar í húðflúr, því finnst húðflúr falleg. Í nútímasamfélagi er húðflúrum ekki þvingað upp á neinn heldur er það sjálfstætt val. Fólk frá Vesturlöndum getur með góðri samvisku valið sér húðflúr úr Austurlandafræðum og öfugt, einstaklingar geta valið um hvaða mynd eða mynstur sem þeir vilja. Upprunaleg merking húðflúrs þarf ekki að vera sú sama og sú merking sem sá sem ber húðflúrið leggur í það, fólk breytir merkingu húðflúrsins eftir sínu höfði. Þetta sést vel á þeim viðtölum sem ég hef tekið. Merking þeirra húðflúra sem ég fjalla um er ekki augljós, heldur þarf sá sem ber húðflúrið að útskýra það. Sem dæmi má nefna krossinn sem Hildur Hlíf ber og verður fjallað um síðar. Sá sem sér þetta tákn dettur væntanlega strax í hug að Hildur sé trúuð manneskja og vilji með þessu móti sýna trú sína, það er þó fjarri sannleikanum. Merking húðflúra hefur breyst að mínu mati, þau eru hætt að standa fyrir ákveðna menningarhópa eða stéttaskiptingu og eru orðin aðgengileg fyrir alla. Mörkin á milli menningarheima verða alltaf óljósari, ein og sama manneskjan getur til að mynda borið hefðbundið evrópskt, hefðbundið amerískt og „merkingarþrungið” húðflúr frá Taítí.<sup>4</sup>

Húðflúr hafa alltaf merkingu, þó að hún sé mismikil. Húðflúr geta til dæmis táknað einhverskonar manndómsvígslu fyrir einstaklinginn. Í öðrum menningarheimum heldur en hinum vestræna hafa húðflúr gegnt því hlutverki í langan tíma. Þá er einstaklingurinn húðflúraður þegar eitthvað táknrænt gerist í lífi hans, til dæmis að komast á kynþroskaaldur eða eignast barn.<sup>5</sup> Í þeim tilfellum hefur einstaklingurinn ekkert val um húðflúrið, hvorki staðsetningu né hvort það sé sett á líkamann yfir höfuð.

<sup>3</sup> Fleming, Juliet. „The Renaissance Tattoo”.

<sup>4</sup> Thomas, Nicholas. „Epilogue: Embodied Exchanges and their Limits”.

<sup>5</sup> Camphausen, Rufus. *Return of the Tribal*.

Þá eru húðflúrin sett á líkamann vegna hefðar í samfélaginu.<sup>6</sup> Áður en að húðflúr varð val einstaklingsins, meðvituð ákvörðun sem hann tók, voru þau oft notuð til þess að merkja einstaklinga sem höfðu gert eitthvað af sér með varanlegri merkingu, til dæmis svokölluð fangahúðflúr. Það var gert í þeim tilgangi að láta fólk vita að viðkomandi hefði brotið af sér og einnig í forvarnarskyni, til að fólk vissi að svona færi fyrir þeim sem hlýddu ekki.

Rússland á sér mikla sögu um fangahúðflúr. Þar í landi voru fangar merktir í andlitið svo að flúrið færi ekki framhjá neinum. Með því að merkja fanga á þennan hátt voru þeir gerðir að jaðarhópi. Merkingin vegna glæpa missti þó að miklu leiti upphaflegt gildi þegar fangarnir fóru sjálfir að skilgreina sig og aðra fanga eftir þeim húðflúrum sem þeir báru, það myndaðist virðingarstigi og forgangsöröðun eftir því hvernig húðflúr hver og einn fangi var með. Þannig eignuðust húðflúrin sjálfstætt líf meðal fanganna. Merking húðflúranna varð því í raun að andstæðu þess sem þeim var ætlað í upphafi, í stað þess að vera niðurlæging fyrir þann sem bar húðflúrið komst einstaklingurinn hærra í virðingarstiga fanganna. Þannig sýndu fangarnir stöðu sína í gegnum húðflúrin. Þeim mun fleiri húðflúr sem viðkomandi fangi bar, þeim mun meiri virðingar naut hann innan veggja fangelsisins. Með því að taka húðflúrin í sínar hendur reyndu fangarnir að gera neikvæða merkingu yfirvalda að jákvæðri í þeirra augum. Þeir höfðu betri stjórn yfir eigin líkama, neituðu þeirri merkingu sem yfirvöld höfðu sett á húðflúrin og bjuggu til sína eigin merkingu í staðinn. Sú merking var ekki persónuleg heldur ýtti undir samstöðu innan hópsins. Fangarnir enduðu þó samt sem áður á því að herma eftir þeim sem þeir vildu komast undan með því að taka húðflúrin í sínar hendur.<sup>7</sup> Vera má að eftir fangelsisvistina, úti á meðal annarra en fanga, hafi húðflúrin aftur orðið niðurlæging, en mér finnst líklegt að húðflúraðir fangar hafi sóst í félagsskap annarra fanga innan sem utan fangelsisins.

Fangar skreyta sig ennþá með svokölluðum fangahúðflúrum. En núna er það gert í þeim tilgangi að halda í hefðina, svo að húðflúrin gleymist ekki en ekki vegna þess að fanganum beri skylda til að bera þau. Fangahúðflúr í nútímanum eru oft valin af sömu ástæðu og hver önnur húðflúr, fanginn reynir í gegnum húðflúrið að sýna persónuleika sinn og að útskýra sjálfan sig. Nútíma fangahúðflúr geta eins og áður sýnt þá glæpi sem viðkomandi hefur framið, hvort að fanginn tilheyrir einhverri klíku, hvort hann sé

---

<sup>6</sup> Camphausen, Rufus. *Return of the Tribal*.

<sup>7</sup> Schrader, Abby. „Branding the Other/Tattooing the Self: Bodily Inscription among Convicts in Russia and the Soviet Union“.

eiturlyfjaneytandi sem og veitt aðrar upplýsingar um fangann. Húðflúrin geta líka birst í skammstöfunum sem engum er ætlað að skilja nema öðrum föngum.<sup>8</sup>

Manneskjan er í eðli sínu hópsál og vill tilheyra hópi, hvort sem að hópurinn hefur góða eða slæma ímynd út á við. Hópurinn skapar öryggi í þeirri óvissu sem lífið er.<sup>9</sup> Fangahúðflúr og önnur húðflúr sem eru gerð í hópum eru sprottin upp úr hefð til þess að tilheyra einhverju stærra en einstaklingurinn sjálfur. Fangar eru á jaðri samfélagsins en samt sem áður í hóp og geta því skilgreint sig með öðrum.<sup>10</sup> Gott dæmi úr vestrænni menningu um húðflúr sem viðkomandi hefur ekkert val um voru þau húðflúr sem nasistar settu á gyðinga til að merkja þá í útrýmingarbúðum. Þar var gengið svo langt að einstaklingurinn missti nafnið sitt og í staðinn var litið á hann sem númer. Í bókinni *Permanence* má finna tvær myndir af eldri konum sem bera slík húðflúr, eftirlifendur úr helför Gyðinga (sjá mynd 1).



**Mynd 1: Bls. 133 í Permanence.**

Upp úr 1970 þegar millistéttin fór í auknum mæli að fá sér húðflúr, fóru menning og hugarfar í kringum húðflúr í Bandaríkjunum að breytast. Fyrir þann tíma voru húðflúr hugsuð sem einhverskonar manndómsvígsla, eingöngu fyrir karlmenn. Þau voru hluti af því að ungir menn urðu að karlmönnum, urðu hluti af veröld eldri karlmanna. Þetta átti þó bara við um menn af lágstéttinni og þá helst verkamenn, ekki hinn „almenna borgara“. Á húðflúrstofum gátu karlmenn sameinast fjarri hversdagsleikanum, eiginkonum og yfirmönnum.<sup>11</sup> Þegar konur fóru í auknum mæli að fá sér húðflúr fóru þær inn á yfirráðasvæði karlmanna og húðflúrin hættu að vera tákni um karlmennsku.<sup>12</sup>

Húðflúr eru eins misjöfn og þau eru mörg og hvatirnar að baki jafn margar. Fæstir virðast getað svarað því í fljótu bragði af hverju þeir völdu það eða þau húðflúr sem þeir bera. Líta má á líkamann sem litla spegilmynd samfélagsins sem við búum í, tíska og lífsskoðanir einstaklinga koma jafn glögglega í ljós með húðflúrum sem einstaklingurinn ber eins og í gegnum þann klæðnað sem viðkomandi kys að klæðast. Þeir sem ekki bera húðflúr virðast oft vera fastir í þeirri hugmynd að fólk láti húðflúra

<sup>8</sup> Schrader, Abby. „Branding the Other/Tattooing the Self: Bodily Inscription among Convicts in Russia and the Soviet Union“.

<sup>9</sup> Óttar Guðmundsson. *Líkamsmyndir*.

<sup>10</sup> Benson, Susan. „Inscription of the Self: Reflections on Tattooing and Piercing in Contemporary Euro – America“.

<sup>11</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

<sup>12</sup> Sweetman, Paul. „Anchoring the (Postmodern) Self? Body Modification, Fashion and Identity“.

sig sem tákni um uppreisn gegn foreldrum eða yfirvaldi. Þó að sú sé raunin í einhverjum tilfellum á sá hugsunargangur almennt ekki við rök að styðjast heldur fær einstaklingurinn sér yfirleitt húðflúr til að sýna persónuleika og sinn innri mann. Fólk er því ekki endilega að láta húðflúra sig til að skera sig úr fjöldanum eða láta taka eftir sér,<sup>13</sup> heldur er húðflúrið eins og áður segir frekar framlenging á persónuleika þess sem það ber. Einstaklingar í okkar samfélagi láta húðflúra sig af því að þeir velja það sjálfir og vilja í flestum tilfellum láta húðflúra á sig mynstur eða myndir sem hafa merkingu fyrir þá sem einstaklinga. Þeir velja húðflúr sem form til að tjá sig.<sup>14</sup>

Húðflúruðum einstaklingum þykir yfirleitt mjög gaman að ræða húðflúrinn sín og útskýra þau nánar. Hugsanlega getur ástæðan verið sú að fólk vill koma öðrum í skilning um að húðflúrinn þeirra skipti máli og að þau hafi ekki verið skyndiákvörðun heldur hafi mikill tími og vangaveltur farið í val þeirra. Húðflúraðir einstaklingar búa til eigin merkingu fyrir húðflúrinn sín, jafnvel þannig merkingu að fólkið í kringum einstaklinginn eða hann sjálfur sjái sig í jákvæðara ljósi. Út frá frásögnunum sem viðkomandi segir um húðflúrinn sín skilgreinir hann sjálfan sig.

Algengustu frásagnirnar sem fólk segir um eigin húðflúr varða yfirleitt ástæðurnar fyrir því af hverju viðkomandi ákvað að láta húðflúra sig, hvernig hann valdi þá mynd sem hann ber, merkingu myndarinnar, hversu lengi viðkomandi hafði hugsað um atburðinn áður en hann varð að veruleika og húðflúrreynsluna sjálfa, hvernig viðkomandi leið á meðan verið var að flúra hann. Frásagnir um húðflúr skera sig samt sem áður frá öðrum lífsreynslusögum þar sem að sagnamaðurinn er ekki endilega að segja frá eftir minni heldur er sögnunum ætlað að endurskapa atburðinn, réttlæta hann, bæði í augum þess aðila sem hann segir söguna og í eigin augum. Flestir segja frá húðflúrinni sínu sem hluta af persónuleika og segja að reynslan hafi að einhverju leiti verið yfirnáttúruleg og skref í átt að persónulegum þroska.<sup>15</sup> Dæmi um þetta má sjá í viðtali við Kolbrúnu sem mun koma við sögu annars staðar í ritgerðinni. Hún eyddi löngum tíma í að segja mér frá því hvað hún hefði lengi hugsað um að fá sér húðflúr áður en hún lét verða af því og frá reynslunni af því að fá sér húðflúr. Þetta átti reyndar bara við um fyrsta húðflúrið sem hún fékk sér, hún eyddi ekki jafn miklum tíma í að útskýra hin húðflúrinn en allt í allt er hún með sex húðflúr.<sup>16</sup>

---

<sup>13</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

<sup>14</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

<sup>15</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

<sup>16</sup> Viðtal 1 (2008, 21. febrúar). Viðtal höfundar við Kolbrúnu Jónsdóttur (í vörslu höfundar).



Fyrstu húðflúr virðast hafa öðruvísi áhrif á húðflúraða einstaklinga heldur en önnur húðflúr sem þeir bera. Viðtal við tvær aðrar stelpur, Helgu og Hildi, gefa þetta sterklega til kynna. Báðar voru þær ungar þegar þær fengu sér sín fyrstu húðflúr. Hildur var fjórtán ára gömul og Helga sextán. Báðar fengu þær sér húðflúrin sem einhverskonar uppreisn gegn samfélaginu, vildu standa á eigin fótum. Hildur segir: „ég var svolítill uppreisnarseggur og fékk mér fyrsta tattúíð þegar ég var fjórtán. Ég sá það upp á vegg hjá manni sem reykti mikið pípu og hlustaði á Súkkat og fékk mér það. Mér finnst það eiginlega frekar ljótt af því að þetta er til að byrja með ekki tattú fyrir þennan stað, þetta er hugsað fyrir mjóbakið. Mér þykir samt alltaf vænt um það, mér finnst það svona líta út eins og eggjastokkar. Það var málið. Þetta var uppreisn, algjörlega, fyrstu þrjú tattúín voru þannig. Svo fór mér að þykja þessi list stórfalleg. Manni þykir vænt um þessi kvikindi, eins og börnin manns”.<sup>17</sup>

Helga fékk sér lítinn rauðan púka í nárann. Hvorugar segjast þær sjá eftir húðflúrunum sínum en hefðu aldrei valið þau í dag. Þeim þykir vænt um þessi húðflúr vegna þess sem þau standa fyrir en í sjálfu sér ekki flúrin sjálf. Samt myndu þær ekki setja neitt yfir þau.<sup>18</sup>

Fræðimenn á borð við Clinton R. Sanders og Margo DeMello hafa búið sér til flokkunarkerfi til þess að reyna að skilgreina húðflúr og ástæður þess að einstaklingar láta húðflúra sig. Sanders skiptir ástæðunum niður í fimm flokka í grein sinni „Drill and Frill: Client Choice, Client Typologies, and Interactional Control in Commercial Tattooing”. Flokkarnir hans eru líkir innbyrðis og hvert húðflúr getur fallið í fleiri en einn flokk hjá honum. Sanders flokkar húðflúr niður í: hópá, persónuleika, húðflúr sem skreytingarform, húðflúr sem merkja náin sambönd þess húðflúraða við einstaklinga í kringum sig og starfsstéttir. Mér finnst Sanders gera of mikinn greinamun á húðflúrum sem gerð eru í einhverskonar hópum. Hópahúðflúr, húðflúr sem merkja náin sambönd og starfsstéttir má í mínum huga setja í einn og sama flokk. Í þeim flokkum Sanders eru til dæmis húðflúr sem tveir vinir fá sér alveg eins sem tákni um vináttu, fangahúðflúr, hermannahúðflúr eða gengjahúðflúr. Mynstrið er þá yfirleitt ákveðið af hópnum og hver einstaklingur fær sér húðflúrið til þess að sýna tryggð og virðingu við hópinn. Minningarhúðflúr um látinn einstakling myndi þá að öllum líkindum falla í þennan hóp. Síðar nefnir Sanders húðflúr sem eiga að gefa persónuleika þess sem húðflúrið ber til

---

<sup>17</sup> Viðtal 4 (2008, 6.júlí). Viðtöl höfundar við Helgu Katrínu Emilsdóttur og Hildi Hlíf Hilmarsdóttir (í vörslu höfundar).

<sup>18</sup> Viðtal 4 (2008, 6.júlí). Viðtöl höfundar við Helgu Katrínu Emilsdóttur og Hildi Hlíf Hilmarsdóttir (í vörslu höfundar).

kynna. Sanders talar um að margir velji sér stjörnumerkið sitt sem fyrsta húðflúr, þar sem það er einfalt og hefur persónulega merkingu fyrir þann sem það ber. Sjálfri finnst mér öll húðflúr, sem eru val einstaklingsins en ekki þvingað upp á hann, sýna persónuleika þess sem það ber að einhverju leyti, hvort sem það eru húðflúr sem fengin eru í hóp eða flúr sem er sérteiknað fyrir einstaklinginn. Gengjahúðflúr og önnur húðflúr í þeim dúr skera sig aðeins úr en þrátt fyrir það finnst mér þau sýna merki um persónuleika að því leiti að með þeim sýnir einstaklingurinn að hann vill vera hluti af ákveðnum hópi. Seinast nefnir Sanders húðflúr sem eru eingöngu sett á líkamann vegna þess að einstaklingnum sem ber húðflúrið finnst það fallegt. Það hefur aðeins það hlutverk að skreyta líkamann.<sup>19</sup>


DeMello leggur upp með aðrar áherslur en Sanders í sínu flokkunarkerfi. Hún skiptir fólki í flokka byggt á þeirri ástæðu sem fólk gefur fyrir þeim húðflúrum sem það ber. Hennar flokkunarkerfi reynir að útskýra þá þörf fyrir að fá sér húðflúr sem sumir einstaklingar virðast finna fyrir en hún byggir flokkunarkerfi sitt á þeim frásögnum sem einstaklingarnir segja um eigin húðflúr. Hún flokkar húðflúr í fjóra flokka en það eru í fyrsta lagi húðflúr sem leggja áherslu á einstaklinginn, það val sem einstaklingurinn hefur til þess að húðflúra eigin líkama. Í öðru lagi eru það húðflúr sem hjálpa einstaklingnum í þroska og sjálfshjálpa. Þriðji flokkurinn nær yfir einstaklinga sem líta á líkama sinn sem einhverskonar helgidóm sem þeir eru að skreyta og fjórði og seinasti flokkurinn nær yfir fólk sem fær sér húðflúr af óstjórnlegri hvöt. Ég styðst við flokkunarkerfi DeMello að einhverju leiti í eigin túlkunum þó að ég noti ekki alla flokkana hennar.

DeMello tekur fyrst og fremst fyrir frásagnir sem leggja áherslu á einstaklinginn, það val sem hver og einn hefur með því að fá sér húðflúr og hvað húðflúrið gerir fyrir persónuleika þess sem það ber. Með þannig sögum leggur fólk aðallega áherslu á að húðflúrið hafi verið hannað sérstaklega fyrir þann einstakling en ekki valið úr öðru efni sem þegar var til, þannig finnst fólki því það vera sérstakt. Þessu fólki finnst að húðflúr eigi að vera persónuleg og segja sjálfstæða sögu um þann sem það ber, gefa hinn innri mann til kynna. Húðflúr geyma og sýna minningar sem eru kærar fyrir þann sem þau bera. Fólk reynir að skilja líkama sinn betur í gegnum húðflúrið. Að mínu mati er því þannig varið að í gegnum húðflúr helst tilfinningalegur, líkamlegur og andlegur sársauki í hendur og viðkomandi fær mikla útrás.

---

<sup>19</sup> Sanders, Clinton. „Drill and Frill: Client Choice, Client Typologies, and Interactional Control in Commercial Tattooing Settings“.

Hildur er gott dæmi um þetta. Hún er 24 ára gömul og ber húðflúr sem eru henni merkingarþrungin. Flúrin eru gerð í minningu foreldra hennar sem bæði eru látin. Á ofanverðu bakinu ber hún kross og fyrir neðan hann rúnir, niður eftir bakinu (sjá mynd 2). Í fyrstu fannst henni kjánalegt að vera bæði með heiðið og kristið tákni á bakinu en hefur vanist þeirri hugsun og finnst það frekar skondið í dag.



**Mynd 2: Kross og rúnir Hildar.**

Hildur útskýrir húðflúrin sín þannig: „mér finnst krossinn tákna flotta hluti þó ég sé ekki kristin manneskja og hann hefur merkingu fyrir mér, þetta var svona fyrir foreldra mína, ákveðin tákni fyrir þau. Fékk rúnirnar í tengslum við það. Skellur svolítið saman þessar tvær merkingar, þær hafa vissa merkingu fyrir mér og það er það sem skiptir mig máli. Það er fyrir foreldra mína líka, bara meira „verbal“, finnst setningin svo falleg og lætur mig hugsa um góða hluti um þau, þegar ég hugsa um það“. Rúnirnar sem eru fyrir neðan tengjast krossinum og saman hafa þessi húðflúr merkingu fyrir Hildi. Rúnirnar mynda setningu en þar stendur „minning ykkar er ljós í lífi mínu“. Hildur vildi minnst foreldra sinna þegar hún hugsar um eða lítur á húðflúrin. Staðinn valdi hún hins vegar vegna þess að henni fannst hann vera töff. Þegar Hildur setti á sig seinna húðflúrið þá vildi hún sýna tilfinningar sínar. Hún segir: „tilfinningin með seinna tattúíð var að ég væri að setja ör utan á mig sem sæjust ekki að innan, ákveðin stjórn á þeim líka“.

Hildi finnst gaman að sýna húðflúrin sín og kaupir sér að jafnaði föt sem sýna þau. Þrátt fyrir það finnst henni stundum erfitt þegar hún kynnist nýju fólki að húðflúrin eru eitt það fyrsta sem það spyr hana um. Þá þarf hún að segja frá foreldrum sínum og ástæðu húðflúrsins sem getur dregið fólk niður.<sup>20</sup> Þessi húðflúr eru að sjálfsögðu gerð á húðina en eiga að tákna innsta kjarna líkamans, innstu tilfinningar þess sem ber húðflúrið.<sup>21</sup>

<sup>20</sup> Viðtal 4 (2008, 6.júlí ). Viðtöl höfundar við Helgu Katrínu Emilsdóttur og Hildi Hlíf Hilmarsdóttir ( í vörslu höfundar)

<sup>21</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

Húðflúr í dag virðast mörg hver eiga að sameina líkama og sál, vera leið til að komast í snertingu við æðri mátt og innsta sjálf þess sem það ber.<sup>22</sup> Fyrir Vesturlandabúa eru sál og líkami ekki endilega samvinnuð þó að það þekkest í öðrum menningarheimum<sup>23</sup>. Dæmi um þennan hugsanagang má sjá hjá Erni, 31 árs. Fyrsta húðflúrið fékk hann þegar hann var átján ára og það er hans uppáhaldshúðflúr (sjá mynd 3). Húðflúrið er lítill hringur við úlnliðinn og stendur fyrir



Mynd 3: Innsti kjarni Arnar.

hans innri mani. Í kringum hringinn eru einhverskonar hálfhringir sem tákna það slæma í lífinu. Sitt hvoru megin við húðflúrið eru drekar, sem hann fékk vegna þess að hann er fæddur á ári drekans samkvæmt kínversku ártali og svo á að koma spordreki þar fyrir ofan, þar sem að hann er spordreki samkvæmt okkar stjörnuþá. Fyrir Örn tákna þessi húðflúr hann sjálfan, hans innsta kjarna.<sup>24</sup>

Annar flokkur DeMello nær yfir húðflúr sem eiga að hjálpa einstaklingum í þroska og sjálfshjálp. Þá trúir einstaklingurinn því að húðflúrið hjálpi sér í gegnum erfiðleika og hafi græðandi andlega, tilfinningalega og líkamlega eiginleika. Þeir einstaklingar sem fá sér húðflúr af þessu tagi eru oft á tíðum þeir sem hafa lent í erfiðleikum á lífsleiðinni, mestmegnis konur. Þær tala um að húðflúrin sín hjálpi sér að sigrast á erfiðleikum, til dæmis heimilisofbeldi, skilnaði og veikindum.<sup>25</sup>

Í *Permanence* má sjá dæmi um slíkt þar er kona sem sigraðist á brjóstakrabba-

meini en missti bæði brjóstin í ferlinu (sjá mynd 4). Í stað þess að fá sér sílikonbrjóst fékk hún sér húðflúr yfir örin. Hún vildi ekki fela örin og láta

"Life is like a box of chocolates, you never know what you're gonna get"

Hi, I'm Amée. In 2003, at age 30, I was diagnosed with Stage IIIc Inflammatory Breast Cancer. I went through 9 cycles of 4 different kinds of chemo, 6 surgeries, 2 stays in the hospital, 35 radiation treatments, and 8 months of weekly monoclonal antibody treatments. I also lost both my breasts. Cancer taught me there's a difference between being cured and being healed. Tattooing for me has been about healing. I never wanted to cover my scars, pretending cancer never happened to me. It's totally about my spiritual journey and each element of my tattoo metaphorically represents that journey.....  
Amée



Mynd 4: Bls. 111 í *Permanence*.

<sup>22</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

<sup>23</sup> Benson, Susan. „Inscription of the Self: Reflections on Tattooing and Piercing in Contemporary Euro – America“.

<sup>24</sup> Viðtal 6 (2008, 10. ágúst). Viðtal höfundar við Örn Geirdal (í vörslu höfundar).

<sup>25</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

sem að krabbameinið hefði aldrei verið til staðar. Í hennar tilfelli hefur húðflúrið haft græðandi áhrif á sjálfsmynd hennar. Í þennan flokk falla þeir sem skilgreina og undirstrika atburð í lífi sínu með húðflúri sem þeir bera.

Til dæmis hef ég rætt við konur sem hafa fengið sér húðflúr í kjölfar skilnaðar. Fyrir þeim er þá húðflúrið tákni um sjálfstæði, að þær standi á eigin fótum. Í þeim tilfellum nota konurnar húðflúrin til að endurheimta sjálfar sig, til að skilgreina sig sem einstaklinga.

Kolbrún er 26 ára og sagði mér frá fyrsta húðflúrinu sem hún lét setja á sig (sjá mynd 5). Hún talar um það af mikilli væntumþykju og segir að sér þyki vænt um það ekki bara vegna þýðingarinnar sem það hefur fyrir hana heldur líka vegna þess að þetta var fyrsta húðflúrið hennar, gert af Helga „tattú“, sem var einhverskonar frumkvöðull húðflúrara á Íslandi. Flúrið hennar er rúnatákni, Vegvísir. Hún hafði velt húðflúrum talsvert fyrir sér en á þessum tímabili var hún nýkomin með aldur til þess að fá sér



**Mynd 5: Vegvísir Kolbrúnar.**

húðflúr. Vegvísirinn sem Kolbrún er með húðflúraðan þýðir að sá sem ber rúnina eigi ekki að villast eða lenda í ógöngum. Hún sagði merkingu húðflúrsins strax hafa kallað á sig og að hún beri húðflúrið í svipuðum tilgangi og þeir sem trú á guð beri krossa, en hún er ekki kristin. Fyrr á sama ári og hún fékk sér húðflúrið (það var gert um haust) lenti Kolbrún í erfiðri lífsreynslu. Húðflúrið var að einhverju leiti hennar leið til þess að eignast sér líkama sinn og ná stjórn á honum. Henni fannst hún vera að merkja sér líkama sinn og sýna sjálfri sér um leið að hún réði yfir eigin líkama. Rúnin átti að vernda hana og hjálpa henni að taka réttar ákvarðanir. Kolbrún segir að Vegvísirinn sé eina húðflúrið sem hún ber sem er algjörlega fyrir hana sjálfa og engan annan. Önnur húðflúr sem hún ber og hafa persónulega merkingu fyrir hana eru til dæmis nafn sonar hennar og pentagram sem hún og ein besta vinkona hennar fengu sér saman, á sama stað.<sup>26</sup>

DeMello talar um í þessum flokki að konur séu líklegri en karlmenn til þess að útskýra þau húðflúr sem þær bera sem hluta af bataferli og að húðflúrið sé hluti af því að ná stjórn á eigin líkama. Hægt væri að segja að með því að merkja sér líkama sinn með húðflúri séu konur að reyna að aðskilja sig frá feðraveldinu og gera líkamann að sinni eign.<sup>27</sup> Fleming segir aftur á móti í grein sinni „The Renaissance Tattoo” að

<sup>26</sup> Viðtal 1 (2008, 21. febrúar). Viðtal höfundar við Kolbrúnu Jónsdóttur (í vörslu höfundar).

<sup>27</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

ákveðna hræðslu almennings við húðflúr mætti skilja út frá einmitt þessu, flúrið er eign þess sem það ber og engin annar getur slegið eignarrétti á það. Það gengur ekki kaupum og sölu eins og flest annað í okkar samfélagi og Vesturlandabúar eru orðnir vanir við.<sup>28</sup> Húðflúrið sem einstaklingurinn ber er gert sérstaklega fyrir hann og það er ekki hægt að endurskapa nákvæma eftirmynd þess. Í raun má samt sem áður segja að hægt sé að nota húðflúr sem söluvöru. Til dæmis þekkist það að stórfyrirtæki kaupi stað á líkama einstaklinga til að húðflúra auglýsingu. Eins má finna á [www.ebay.com](http://www.ebay.com) fólk sem býður líkama sinn til sölu fyrir húðflúr. Fyrirtæki geta þá keypt stað á líkama einstaklingsins undir auglýsingu.<sup>29</sup>

Bæði Hildur og Kolbrún nefna það í sínum viðtölum að þeirra húðflúr hafi verið þáttur í að eignu sér líkama sinn og í raun að líkamna þann andlega sársauka sem þær fundu fyrir. Húðflúr eru ekki lengur táknið um karlmennsku heldur er það orðin tákmynd einstaklingsins sem það ber.

Seinasti flokkur DeMello nær yfir þá einstaklinga sem líta á líkama sinn sem einhverskonar helgidóm sem þeir séu að skreyta. Þeim myndi ekki detta í hug að setja „bara hvaða” mynd sem er á líkamann. Húðflúrið verður að vera úthugað og í samræmi við lífsskoðanir þeirra og líkama þeirra samboðið. Þetta fólk leggur mikla áherslu á það hversu langur tími fór í það að velja rétta húðflúrið og að húðflúrið hafi verið þess virði. Þessir einstaklingar leggja upp úr því að vel sé hugsað um líkamann og það að fá sér húðflúr sé ævilöng skuldbinding. Þessar hugmyndir er hægt að tengja við meiri áherslu á líkamann á seinustu áratugum. Allstaðar er brýnt fyrir fólki að borða rétt, hreyfa sig og almennt hugsa vel um líkama og sál. Þetta leiðir til þess að fólk vill líta vel út og leggur oft hart að sér til þess. Fyrir suma einstaklinga eru húðflúr hluti af því að líta vel út, þeir bæta það sem fyrir er með fallegu húðflúri og finnst húðflúrið gera mikið fyrir ytra útlit.<sup>30</sup> Flestir þeir sem ég ræddi við eru til dæmis sammála um það að fallega skreyttur líkami sé falgri heldur en sá líkami sem ekki ber húðflúr.

Þeir fræðimenn sem ég styðst við í ritgerðinni virðast flestir hallast að því að fólk fái sér húðflúr fyrst og fremst til þess að skreyta líkamann en bæta því jafnframt við að húðflúrið geti borið ólík skilaboð. Ég verð að vera sammála því að einstaklingar

---

<sup>28</sup> Fleming, Juliet. „The Renaissance Tattoo”.

<sup>29</sup> [http://cgi.ebay.com/Whatever-you-want-tattooed-on-my-body-tattoo-permanent\\_W0QQitemZ160304011799QQcmdZViewItemQQptZLH\\_DefaultDomain\\_0?hash=item160304011799&\\_trksid=p3286.c0.m14&\\_trkparms=72%3A1205%7C66%3A2%7C65%3A12%7C39%3A1%7C240%3A1318%7C301%3A1%7C293%3A1%7C294%3A50](http://cgi.ebay.com/Whatever-you-want-tattooed-on-my-body-tattoo-permanent_W0QQitemZ160304011799QQcmdZViewItemQQptZLH_DefaultDomain_0?hash=item160304011799&_trksid=p3286.c0.m14&_trkparms=72%3A1205%7C66%3A2%7C65%3A12%7C39%3A1%7C240%3A1318%7C301%3A1%7C293%3A1%7C294%3A50)

<sup>30</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

húðflúri sig fyrst og fremst fyrir útlitið þar sem að flestir sem ég ræddi við nefna að þeim finnist húðflúraðir líkamar fallegrir en þeir sem ekki bera nein húðflúr.

Viðmælendur mínir hafa allir sterkar skoðanir á því hvað þeim finnst um húðflúraða líkama. Áhugavert er að skoða hvaða orð og hugtök þau notuðu til að lýsa hrifningu sinni á húðflúrum, öll notuðu þau sterk lýsingarorð og orðið „töff“ kom reglulega fram í viðtölum. Engin af viðmælendum mínum lýstu húðflúrunum sínum til dæmis með orðum á borð við „sætt“ eða „krúttlegt“. Þau virðast ekki fá sér húðflúr til þess að verða sætari heldur til að verða meiri töffarar. Það sem kemur mér mest á óvart var að allir viðmælendur mínir virðast sjá sjálfa sig sem einstaklinga og húðflúrin sem þau bera sem einn og sama hlutinn, þeim finnst húðflúrin vera táknræn fyrir sig sem einstaklinga.

Þó að húðflúr eigi einungis að skreyta líkamann geta þau sent út margskonar skilaboð. Hinn húðflúraði einstaklingur reynir þá oft að sýna eitthvað persónulegt í skreytingum sínum. Til dæmis í hvaða stjörnumerki viðkomandi er eða upphafsstafina í eigin nafni eða í nafni einhvers sem honum þykir vænt um. Einnig eru vinsæl húðflúr sem sýna hvaða hópi einstaklingurinn tilheyrir, til dæmis upplýsingar um trú eða félagslið sem einstaklingurinn heldur upp á. Einnig er hægt að nota húðflúr til þess að marka tímamót í lífi fólks, að fólk marki dauða í fjölskyldunni eða afmælisdaga með því að fá sér húðflúr.

Dæmi um húðflúr sem að sameina einstaklinga gætu verið svokölluð vinahúðflúr en það eru þau húðflúr sem tveir eða fleiri vinir fá sér saman. Helga, Hildur og Sara eru þrjár vinkonur. Þegar þær voru „upp á sitt besta“ eins og þær orða það sjálfar, þá ákváðu þær að fá sér eins húðflúr. Þær hönnuðu og teiknuðu upp myndina sem skyldi sett upp en það voru „Óla prik“ kerlingar í kjólum sem að tengjast allar (sjá mynd 6). Kerlingarnar voru ákveðnar vegna þess að þessi vinkonuhópur kölluðu sig trillurnar þrjár. Á 17 ára afmælisdegi Hildar létu þær verða af því að fá sér húðflúrið. „Við fórum óvart inn á tattústofu á 17 ára afmælisdaginn minn og þá tóku þær sig til og gáfu mér það í afmælisgjöf. Þetta er besta afmælisgjöf sem ég hef nokkurn tíma fengið“, segir Hildur. Allar bera þær myndina á innanverðum ökklanum. Stelpurnar ákváðu að láta setja lit í kjóla kerlinganna, einn kjól hjá hverri, þannig að hver kerling verði lítil útgáfa af eigandanum. Flúrin voru illa gerð og eru ekki lík frá einni stelpu til annarrar en eins




**Mynd 6: Trillurnar þrjár á Helgu.**

og svo oft með húðflúr vilja þær ekki láta breyta því heldur segja að húðflúrið sé fyrst og fremst tákni um vináttu þeirra.<sup>31</sup> Hildur segir að hún vilji hafa það eins og það er: „mér þykir vænt um það svona, meingallað eins og ég”.

Húðflúrið getur því verið minnisvarði, minning um ákveðna tilfinningu eða einstaklinga. Þá er hægt að segja sem svo að fólk fái útrás fyrir tilfinningar sínar í gegnum húðflúr, bæði sársaukann sem húðflúrið skapar á meðan verið er að setja það á og svo varanlegu myndina sem það skilur eftir. Þá eru húðflúrin orðin að sjálfshjálpartæki þeirra sem bera þau.<sup>32</sup>

Í bókinni *Permanence* má sjá skýr merki um húðflúr sem eru notuð í þessum tilgangi. Þar má til dæmis sjá mann sem ætla má að hafi tekið þátt í björgunaraðgerðum þegar tvíburaturnarnir í New York féllu (sjá mynd 7). Yfir allt bakið hefur hann húðflúrað turnana, þegar þeir féllu og engil sem flýgur yfir. Einnig má finna nöfn fallina félaga. Í texta sínum við myndina skrifar hann einfaldlega „pain therapy, E-3, L-12, Bat-7” en þessar skammstafanir standa fyrir Engine 3, Ladder 12, Battalion 7 en það vísar í ákveðna slökkvistöð í New York.



PAIN therapy

E-3, L-12, Bat-7

**Mynd 7: Bls. 53 í *Permanence*.**



**Mynd 8: „Tribal” og kona Þóris.**

Annað dæmi um þetta má sjá hjá Þóri sem er 25 ára gamall. Yfir allt bakið hefur hann búið til einhverskonar minnisvarða um dóttur sína (sjá mynd 8). Efst á bakinu ber hann stóran „tribal” ramma og inn í honum stendur nafn dóttur hans, Karítas Sól. Fyrir neðan nafnið má sjá konu sem heldur á vogarskál. Fyrir Þóri er konan tákni um dóttur hans. Það húðflúr er óklárað. Aðspurður að því hvaða húðflúr honum þyki vænst um nefnir hann þessi og segir að hann vilji alltaf hafa dóttur sína nálægt sér. Þess má geta að ramminn utan um nafnið var húðflúraður þegar konan hans var ólétt að dóttur

<sup>31</sup> Viðtal 4 (2008, 6.júlí ). Viðtöl höfundar við Helgu Katrínu Emilsdóttur og Hildi Hlíf Hilmarsdóttir ( í vörslu höfundar)

<sup>32</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.



þeirra en nafnið var ekki sett inn fyrir en síðar.<sup>33</sup>

Eins og áður segir er meginástæða þess að fólk fær sér húðflúr í nútímasamfélagi einfaldlega sú að því langar í húðflúr, því finnast húðflúr falleg. Húðflúr virðist alltaf hafa merkingu fyrir einstaklinginn, bæði persónulega og innan hóps, eins og sést meðal annars á ofangreindum fangahúðflúrum. Fólk vill sýna öðrum þær tilfinningar sem það ber innra með sér og finnst einfaldara að útskýra húðflúrinn sín og hvaða merkingu þau bera heldur en að útskýra eigin líðan og tilfinningar. Fólk lætur ekki endilega húðflúra sig til að skera sig út úr fjöldanum heldur er húðflúrið frekar eins og framlenging á persónuleika, á að sameina líkama og sál þess sem það ber. Þó að húðflúrinn séu ekki auðskilin er sálarlíf einstaklingsins það ekki heldur. Fræðimenn á borð við Clinton R. Sanders og Margo DeMello hafa búið til flokkunarkerfi til þess að reyna að skilgreina húðflúr og ástæður þess að einstaklingar láta húðflúra sig. Slík kerfi geta verið góð til viðmiðunar þó þau séu ekki algild. Þeir fræðimenn sem ég styðst við í ritgerðinni virðast flestir hallast að því að fólk fái sér húðflúr fyrst og fremst til þess að skreyta líkamann en bæta því jafnframt við að húðflúrið geti borið ólík skilaboð. Ég er sammála því að flestir fái sér húðflúr til þess að skreyta líkamann en að merkingin á bakvið húðflúrinn geri þau persónuleg.

---

<sup>33</sup> Viðtal 5 (2008, 18.ágúst ). Viðtal höfundar við Þórir Hilmarsson (í vörslu höfundar).

## Merking húðflúra: að innan og utan

Húðflúr á Vesturlöndum eru í dag skilgreind sem menning, það er ákveðin menning tengd því að fá sér húðflúr og vera húðflúraður. Til eru mismunandi hópar innan húðflúrmenningar og misjafn hvernig þeir húðflúruðu skilgreina sig. Þeir allra hörðustu innan húðflúrmenningarinnar eru oft mikið húðflúraðir og fylgjast vel með því sem gerist innan þessa heims, sækja ráðstefnur, lesa tímarit og taka jafnvel þátt á spjallsíðum á netinu tengdum húðflúrum. Aðrir láta sér nægja að fylgjast með úr fjarska en hafa gaman að fallegum húðflúrum. Ég tel að húðflúr hafi fyrst verið skilgreind sem menning með tilkomu millistéttarinnar inn í þennan heim. Áður hafi menning og list ekki verið hluti af tungumáli þeirra sem báru húðflúr og tilheyrðu yfirleitt lágstéttinni, en að millistéttin hafi litið á húðflúr sem „ómenningu”.

Ímynd húðflúra virðist hafa vera lituð af því að húðflúr væru skítug, krot og óhreinindi á líkamanum sem ættu ekki heima þar. Margir úr millistéttinni tengdu húðflúr eingöngu við mótörhjólagengi og fanga og neituðu að trúa því að hinn „almenni borgari” gæti borið húðflúr af fúsum og frjálsum vilja til februnar á líkamanum. Hugsast getur að millistéttin hafi átt erfitt með að finna stað fyrir húðflúr í þeirri menningu sem hún þekkti. Manneskjunni er eðlislægt að flokka allt í kringum sig og húðflúr pössuðu ekki inn í neinn þeirra flokka sem til voru.<sup>34</sup> Það er ekki hægt að setja húðflúr í flokk með fötum eða fylgihlutum manneskjunnar en samt eru húðflúr ekki hluti af húð eða líkama einstaklingsins. Því þurfti að finna stað þar sem húðflúr áttu heima.

Í Bandaríkjunum eru húðflúr mismunandi á milli stétta. Þegar húðflúrmenningin breyttist eftir 1970 og millistéttin í Bandaríkjunum fóru að bera húðflúr var henni mikið í mun að skilja sig frá lágstéttinni. Millistéttin vildi ekki tilheyra sömu menningu og lágstéttin heldur leit á þá stétt sem „hina”. Millistéttinni fannst húðflúrin sem meðlimir lágstéttarinnar báru vera gróf og illa gerð á meðan þau húðflúr sem millistéttin bar væru fágaðari. Húðflúrarar gerðu mikið úr stéttaskiptingu og tilkynntu þeim sem vildu heyra að þeir flúruðu allskonar fólk en oftast „venjulegt” fólk eins og kennara, stúdenta og lækna.<sup>35</sup>

Til að geta tileinkað sér húðflúrmenninguna þurfti millistéttin að búa sér til kerfi fyrir húðflúr sem væru skýrt afmörkuð frá lágstéttinni. Millistéttin hafði lengi skilgreint húðflúr sem lýti á líkamanum, eitthvað sem lægri stéttir hefðu gert vegna

<sup>34</sup> Douglas, Mary. *Purity and Danger*.

<sup>35</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

dómgreindarskorts og skorts á sjálfsaga. Hún leit svo á að húðflúr væri of varanleg þar sem að þau voru föst á líkamanum það sem eftir er án þess að hægt væri að ná þeim af. Varanleiki húðflúra hefur ekki breyst en eftir að millistéttin varð hluti af kúnnahóp húðflúrara hefur skilgreining á húðflúrum hins vegar breyst frá því að vera óhreinindi á líkamanum í að vera skreyting á líkamanum. Húðflúr fá þó eingöngu þennan stimpil ef þau eru álitin vera list og ef að sá sem húðflúrið ber hugsaði sig lengi um áður en hann lét verða af því. Húðflúr eru því eingöngu ásættanleg í huga millistéttarinnar ef að baki býr agað hugarfar.<sup>36</sup>

Millistéttin vildi bera húðflúr eins og lægri stéttirnar en til þess að missa ekki álit annarra af sömu stétt þurfti að búa til nýja skilgreiningu á húðflúrum. Þá var farið að nota orðið list yfir húðflúr. Þetta má setja í samhengi við umræður um veggjakrot. Hvenær er það sem er á veggjum borga veggjakrot og hvenær er það listaverk sem listamaður hefur búið til? Heimur húðflúrsins og veggjakrotsins eiga það sameiginlegt að það er almenningsálitið sem skiptir öllu máli, hvað það er sem hinn „almenni” borgari er tilbúinn að samþykkja. Eða eins og Óttar Guðmundsson segir í grein sinni „Líkamsmyndir”: „Samfélagið mótar ákveðin norm sem einstaklingurinn reynir að tileinka sér af öllum lífs og sálar kröftum”.<sup>37</sup>

Það hvernig viðskiptavinurinn velur sér húðflúr hefur breyst mikið í gegnum tíðina. Til að byrja með kom viðskiptavinurinn inn af götunni og valdi sér mynd eða „flash” (ísl. veggmyndir) upp úr möppu sem húðflúrarinn var með hjá sér eða úr úrvalinu sem var hengt upp á vegg hjá flúrarannum.<sup>38</sup> „Flash” voru staðlaðar myndir sem voru til og flúraðar beint á líkama viðskiptavinarins. Úrvalið var ekki mikið, flestar myndirnar voru það sem í seinni tíð kallast „old school” eða húðflúr tengd hernum. Húðflúrarinn rukkaði viðskiptavininn fyrir hvert húðflúr og var yfirleitt snar í snúningum. Þá var ekki gerð sú krafa að húðflúrarar væru færir teiknarar, heldur þurftu þeir einungis að geta komið myndinni sem viðskiptavinurinn hafði valið til skila á húðina.<sup>39</sup>

Kvenréttindahreyfingin, réttindabarátta samkynhneigðra og hippahreyfingin höfðu mikil áhrif í heimi húðflúrsins eins og annarsstaðar. Konur voru ekki stór kúnnahópur hjá húðflúrarum fyrir áðurnefndar breytingarnar í Bandaríkjunum og dæmi voru um að þeim hafi verið neitað um aðgang að húðflúrstofum á þeim forsendum að

<sup>36</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

<sup>37</sup> Óttar Guðmundsson. „Líkamsmyndir”. bls. 76.

<sup>38</sup> Fyrir 1970 í Bandaríkjunum

<sup>39</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

það væri engin staður fyrir kvenmenn.<sup>40</sup> Nánast einu kvenmennirnir sem voru húðflúraðar á þessum tímum voru vændiskonur og svo þær konur sem höfðu það sem lífibrauð í sirkusum að bera húðflúr. Konur áttu ekki að vilja bera húðflúr og þær fáu sem það gerðu útskýrðu því oft að húðflúrin sem þær bæru væru tilkomin vegna þess að þeim hafi verið rænt af indjáním og þeir húðflúrað þær. Það stenst þó ekki miðað við þær myndir sem til eru af þessum kvenmönnum því að þar bera þær rósir og kristin tákni en ekki hefðbundin flúr indjana.<sup>41</sup>

Skilningur fólks á eigin líkama og sjálfinu breyttist eftir að ofangreindar hreyfingar komu fram á sjónarsviðið. Húðflúr voru þá í fyrsta skipti tengd við persónulegan þroska einstaklingsins.<sup>42</sup> Þau húðflúr sem hægt var að velja um breyttust, urðu kvenlegri og fóru frá því að vera eingöngu ætluð lágstétt til þess að höfða til fleiri stétta samfélagsins.

Hver stíll sem kemur inn á sjónarsviðið í heimi húðflúrs hefur einnig sín áhrif. Þegar „endurreisnar“ (e. renaissance) húðflúrin fóru að njóta vinsælda fóru væntanlegir viðskiptavinir að gera þá kröfu að húðflúrararnir væru listamenn. Sú stefna breytti miklu fyrir heim húðflúrsins eins og aðrar stefnur. „Tribal“ húðflúrin höfðu einnig talsverð áhrif þegar þau fóru að ryðja sér til rúms þar sem að með þeim kom fram nýr hópur viðskiptavina, pönkarar og ungt fólk.<sup>43</sup> Í dag velja húðflúrarar sér oft á tíðum eina stefnu sem þeir húðflúra helst og þeir bestu og vinsælustu ganga svo langt að neita að gera önnur húðflúr en þau sem þá langar til að gera, eftir þeirri stefnu sem þeir ákveða. Húðflúrarar rukka ekki lengur eftir verkinu heldur taka þeir tímakaup og meira er lagt upp úr vandvirkni heldur en hraða. Væntanlegir viðskiptavinir vita yfirleitt áður en þeir mæta á húðflúrstofur hvernig húðflúr þeir vilja fá. Viðskiptavinirnir eru þá búnir að afla sér upplýsinga um húðflúrara og hvaða stefnu þeir aðhyllast áður en þeir mæta á svæðið. Húðflúrarar sem gera þannig verk, vilja láta líta á sig sem listamenn.<sup>44</sup>

Færst hefur í aukana að fólk komi með eigin teikningar, sem það vill bera, eða að hugmyndir séu útfærðar í samráði við húðflúrarann. Uppruni húðflúrs eða mynstur virðist vera aukaatriði í augum flestra, húðflúr eru frekar valin eftir smekk þess sem mun bera það heldur en með hliðsjón af sögu flúrsins. Margir sjá hugmynd að húðflúri á

---

<sup>40</sup> Benson, Susan. „Inscription of the Self: Reflections on Tattooing and Piercing in Contemporary Euro – America“.

<sup>41</sup> Benson, Susan. „Inscription of the Self: Reflections on Tattooing and Piercing in Contemporary Euro – America“.


<sup>42</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

<sup>43</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

<sup>44</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*.

netinu eða í blöðum og fara með þá hugmynd til húðflúrara til að fá eftir henni húðflúr að eigin smekk.

Gott dæmi um síðara tilfellið má sjá á eftirfarandi húðflúri (sjá mynd 9). Þetta húðflúr hefur mikla sögu á bakvið sig þó svo að sú saga sé ekki augljós nema fyrir þá sem vita af henni. Sú sem ber þetta húðflúr heitir Kolbrún og er 26 ára gömul. Þetta er hennar sjötta húðflúr og það stærsta hingað til. Hugmyndina að húðflúrinu fékk Kolbrún í gegnum listaverk eftir Daða Guðbjörnsson sem heitir Batur. Húðflúrið er fyrst og fremst gert til minningar um föður hennar sem lést á síðasta ári. Baturinn og öldurnar eiga að tákna hann en hann vann sem sjómaður í mörg ár. Á húðflúrinu má



Mynd 9: Minning um föður Kolbrúnar.

einnig sjá tvo krabba sem standa fyrir tvo bræður Kolbrúnar sem eru í stjörnumerkinu krabba. Blómin sem eru neðst á húðflúrinu standa fyrir systur Kolbrúnar og móður hennar. Í gegnum húðflúrið má svo sjá fjórar stjörnur sem tákna fjórar bestu vinkonur Kolbrúnar. Kolbrún fór með mynd af listaverki eftir Daða sýnir af bát á sjó til Jóns Páls, húðflúrara á Íslenzku húðflúrstofunni. Í sameiningu varð þetta húðflúr til. Kolbrún segir að þó hún eigi erfitt með að gera upp á milli þeirra húðflúra sem hún ber þá hafi þetta mestu þýðinguna fyrir hana og henni finnst verst ef sett er út á þetta húðflúr. Hún kærir sig kollótta ef öðrum finnst hin húðflúrin hennar ljót en hún er viðkvæm fyrir þessu. Einnig finnst henni mikilvægt að fólk skilji þetta húðflúr og útskýrir það því fyrir fólki þó hún útskýri hin húðflúrin sín ekki.

Kolbrún lítur á öll þau húðflúr sem hún ber sem listaverk. Húðflúrin hennar þurfa ekki að vera fullkomin. Hún segir: „Þetta er ekki tölvugert, þetta er handgert, þetta er handteiknað og ég meina, það er aldrei jafnt. Mér finnst það bera þess svolítið merki. Þó að hlutir séu ófullkomnir, það þýðir ekki að þeir séu endilega illa gerðir. Það er meiri karakter í þessu”. Hún lýsir húðflúrunum á sama hátt og listaverki sem maður kaupir og myndi þar af leiðandi ekki vilja láta laga þau verk sem hún ber: „Ef þú kaupir þér

listaverk út í búð, þú ferð ekki að krassa ofan í það til þess að laga það. Þú kaupir það eins og það er og það er bara þannig”.<sup>45</sup>

Eins og sjá má á ofangreindu húðflúri hefur aðferðin við að velja sér húðflúr og merking breyst í gegnum tíðina með auknum samfélagsbreytingum.

Viðskiptavinahópurinn hefur einnig breyst frá því að samstanda nánast eingöngu af karlmönnum yfir í það að telja bæði kvenmenn og karlmenn á öllum aldri og úr öllum stéttum samfélagsins. Um leið má segja að húðflúrin hafi verið „listvædd”, sem aftur hefur breytt allri umgengni við þau, hvernig um þau er hugsað og rætt. Allt er þetta liður í tilurð sérstakrar „húðflúrmenningar” sem endurspeglar innlimun húðflúrsins í daglegt líf og menningu millistéttarinnar í vestrænum samfélögum.

Merking húðflúra er sambland persónulegrar merkingar og þeirrar merkingar sem samfélagið leggur í þau. Hver einstaklingur virðist þó skapa sér eigin persónulegu merkingu á því húðflúri sem hann ber. Allar sögur sem fólk segir um húðflúr skipta máli, því þær skapa almenningsálit á húðflúri og því hvernig húðflúraðir einstaklingar skilgreina sjálfa sig. Sögur einstaklinga um húðflúr eru sprotnar úr því umhverfi sem þeir lifa í. Vegna þess að húðflúr eru á húðinni, á líkama einstaklinganna, eru þau á mörkum einstaklingsins og umhverfis hans. Þar af leiðandi þarf einstaklingurinn að deila sinni persónulegu reynslu út í samfélagið. Við lifum í gegnum líkamann og komumst þar af leiðandi ekki hjá því að deila honum með umhverfinu, hvernig við höfum lifað og hvað við höfum gengið í gegnum.<sup>46</sup> Gott dæmi um þetta er þegar einstaklingur lendir í erfiðleikum í lífinu, þá er talað um að hann virðist hafa elst, að hann hafi breyst líkamlega. Ekkert sem maður gerir í lífinu er hægt að stroka út, það verður alltaf til í fortíðinni. Húðflúr eru eins að þessu leiti, varanleg, óútstrokanleg. Þannig er sá möguleiki fyrir hendi að húðflúr minni einstaklinginn á eigin dauðleika, með varanleika húðflúra minnumst við þess að ekkert varir að eilífu.<sup>47</sup> Persónuleg og sálræn reynsla tekur þar af leiðandi á sig líkamlegt form í gegnum húðflúr,<sup>48</sup> þau eru eins og ör á húðinni, segja til um erfið tímabil sem viðkomandi gekk í gegnum.

---

<sup>45</sup>Viðtal 1 (2008, 21.febrúar). Viðtal höfundar við Kolbrúnu Jónsdóttur (í vörslu höfundar).

<sup>46</sup> Pandolfi, Mariella „Memory within the Body: Women’s Narrative and Identity in a Southern Italian Village“.


<sup>47</sup> Benson, Susan. „Inscription of the Self: Reflections on Tattooing and Piercing in Contemporary Euro – America“.

<sup>48</sup> Pandolfi, Mariella. „Memory within the Body: Women’s Narrative and Identity in a Southern Italian Village“.

Húðflúrin eru þó þeim annmörkum háð að þau eru frosin í tíma, þau bjóða ekki upp á frekari samskipti í framtíðinni.<sup>49</sup>

Þessa persónulegu og sálrænu reynslu er hægt að tengja við líkamlegan sársauka. Flestir hugsa um sársauka sem slæman hlut sem best er að losa sig við eins hratt og hægt er, hvort sem hann er líkamlegur eða andlegur. Með því að fá sér húðflúr getur fólk losað sig við sársaukann á skipulegan hátt, einstaklingurinn veit af sársaukanum sem fylgir húðflúrum, getur búið sig undir hann og losað með líkamlega sársaukanum hinn andlega sársauka sem hann finnur fyrir<sup>50</sup>. Líkamlegur sársauki er eins og húðflúr, eitthvað sem við eigum ein og ekki er hægt að deila. Sársauki er viðurkenndur hluti af því ferli að fá sér húðflúr, minnir þann sem fær sér húðflúrið á að það er varanlegt.<sup>51</sup> Tveir viðmælendur mínir, þær Hildur og Kolbrún, tóku undir þetta og sögðust hafa losað um andlegan sársauka með húðflúrum sem að þær fengu sér.

Samt sem áður getur fólk einnig ákveðið að kvelja sjálft sig í gegnum húðflúrin sín. Í bókinni *Permanence* er mynd af stelpu sem ber lítið húðflúr neðarlega á maganum



My first tattoo is baby foot prints with the due date below it. I was 18yrs. old and had an abortion, although I was young I know I made a mistake. So the reason why I got it done is because it means alot to ~~me~~ me...

Always  
♥ 5.3.6 ♥

Mynd 10: Bls. 104 í *Permanence*.

(sjá mynd 10). Á húðflúrinu má sjá lítil ungbarnafótspor og dagsetningu. Textinn sem fylgir með segir að þetta sé sú dagsetning sem barnið hennar hefði átt að fæðast. Þegar hún var átján ára gömul fór hún í fóstureyðingu og segir það hafa verið mistök. Hún lét setja á sig húðflúrið til þess að minna sig á þessi mistök. Húðflúr geta því rétt eins minnt einstaklinga á erfiðleika eins og að hjálpa þeim að vinna úr þeim. Með því er búið að tengja hið andlega og hið líkamlega sterkum böndum.

<sup>49</sup> Benson, Susan. „Inscription of the Self: Reflections on Tattooing and Piercing in Contemporary Euro – America“.

<sup>50</sup> Camphausen, Rufus. *Return of the Tribal*.

<sup>51</sup> Benson, Susan. „Inscription of the Self: Reflections on Tattooing and Piercing in Contemporary Euro – America“.

Merking húðflúra virðist hafa breyst á undanförunum árum og með breyttum hugmyndum um líkamann. Húðflúr breytast frá því að sýna karlmennsku og tengsl á milli hópa í að sýna persónuleika einstaklingsins sem það ber og hvað sá aðili hefur gengið í gegnum. Með auknu úrvali er hægt að skapa þann persónuleika sem hver og einn kys í gegnum húðflúr.


Ekki er þó hægt að segja að allir velji húðflúr sem skilgreini persónuleika þeirra. Enn eru margir sem velja sér tiltekið húðflúr af þeirri einföldu ástæðu að þeim finnst húðflúrið flott og vilja bera það. Rut er 22 ára stelpa og er með einfaldan svartan hring í kringum kálfann (sjá mynd 11). Þegar hún er spurð um ástæðu þess að hún fékk sér þetta



Mynd 11: Hringur Rutar.

húðflúr segir hún: „af því að hann er ógeðslega töff, ekkert dýpra en það”. Hún sagði að það gæti táknað óendanleika, þar sem að húðflúrið er hringur sem hefur hvorki upphaf né endi en að þá útskýringu hafi hún ekki fundið fyrir en seinna, eftir að hún fékk sér húðflúrið.<sup>52</sup>

Svipað dæmi má sjá í bókinni *Permanence*. Þar er mynd af manni sem er með austurlenskt húðflúr frá brjósti og upp á öxl (sjá mynd 12). Hans útskýring á húðflúrinu er að sérstök merking liggi í húðflúrum allra, nema hans, hann hafi einungis gaman af japönsku dóti. Hægt er að skilja ummæli mannsins á þann hátt að hann sé að hæðast að þeim hugmyndum um að húðflúr eigi að vera persónubundin og merkingarþrungin.



Mynd 12: Bls. 50 í *Permanence*.

Everybody has special meanings for their tattoos. I don't. I just like ~~japanese~~ stuff.

<sup>52</sup> Viðtal 2 (2008, 23. júní). Viðtal höfundar við Rut Elíasdóttur ( í vörslu höfundar).



Annar viðmælandi sem ég ræddi við var á sama máli og þessi tvö. Helga er með fimm húðflúr allt í allt. Þegar ég spurði hana hvaða húðflúr henni þætti vænst um nefndi hún eina húðflúrið sem í hennar huga hefur meiningu en er ekki „bara“ skraut á líkamanum. Aðspurð um önnur húðflúr sem hún ber sagði hún að þau þýddu ekki neitt og hefðu ekki verið valin af neinni sérstakri ástæðu, heldur eingöngu vegna þess að þau væru falleg. Hún segist skreyta líkama sinn vegna þess að það er: „svo fallegt að skreyta líkamann, að sjá vel skreyttan líkama.“<sup>53</sup>

Fyrir flesta sem fá sér húðflúr skiptir merking húðflúrsins ekki eingöngu máli heldur einnig hvar það er staðsett á líkamanum. Misjafnt er eftir kynjunum hvar á líkamanum húðflúri er valinn staður. Karlmenn velja í miklum meirihluta að fá sér húðflúr á handleggina eða á brjóstið en konur aftur á móti velja minna áberandi staði, þar sem einfaldara er að hylja húðflúrið, en það eru staðir eins og bringa, axlir eða mjaðmir. Í huga kvenmanna eru húðflúr yfirleitt persónulegri heldur en í hugum karlmanna, konur velja til dæmis oftár húðflúr sem sjást ekki nema að þær sýni þau, húðflúrin eru fyrir þær og þá sem eru þeim kærastir en engan annan. Þennan mun mætti skýra með því að karlmenn vilji frekar fá húðflúr til að sýnast fyrir öðrum í kringum sig en konur eingöngu fyrir þær sjálfar. Draga mætti þá ályktun að konur fái sér húðflúr sem hafa dýpri merkingu heldur en karlmennirnir. Einnig er hægt að velja fyrir sér hvort enn eimi eftir að þeirri skoðun að húðflúr séu „ókvenleg“ og þess vegna vilji konur frekar geta hulið húðflúrin sín í margmenni heldur en karlmenn. Íslensku húðflúrarnir sem ég ræddi við töluðu á þessum nótum, þeim fannst vera marktækur munur á því hvernig húðflúr kynin völdu sér og á hvar á líkamann þau ákváðu að setja þau. Vinsælasti staðurinn að þeirra mati fyrir bæði kyn voru handleggir og bakið og segja þeir karlmenn fá sér stærri húðflúr heldur en konur. Þeir töldu einnig að þegar viðskiptavinur kemur í fyrsta skipti og fær sér húðflúr velji hann nánast undantekningarlaust svört, frekar lítil húðflúr. „Fólki langar í tattú of fer þá að skoða hvað er í boði. Svart er það sem margir vilja, að fá eitthvað svona látlaust, lítið“.<sup>54</sup>

Sanders talar um það í grein sinni „Drill and Frill: Client Choice, Client Typologies, and Interactional Control in Commercial Tattooing Settings“ að húðflúr sanni oft karlmennsku eða elsku til ákveðinnar manneskju hjá karlmönnum en að bæði

---

<sup>53</sup> Viðtal 4 (2008, 6.júlí). Viðtöl höfundar við Helgu Katrínu Emilsdóttur og Hildi Hlíf Hilmarsdóttir (í vörslu höfundar).

<sup>54</sup> Viðtal 3 (2008, 6.mars). Viðtal höfundar við eigendur og starfsmenn Íslensku húðflúrstofunnar, Jón Pál, Búra og Fjölni (í vörslu höfundar).

kyn vilji sýna persónuleika sinn.<sup>55</sup> Ég er sammála honum upp að vissu marki, ég tel frekar að karlmenn velji ákveðna húðflúrstíla til þess að sýna karlmennsku sína, til dæmis með „tribal” húðflúrum.

Með því að setja þessa fullyrðingu fram þarf ég að viðurkenna ákveðna fordóma hjá sjálfri mér gagnvart öðrum húðflúruðum einstaklingum. Ég tel að ég eins og aðrir skilgreini húðflúr á mismunandi hátt og gagnrýni einstaklinginn sem það ber út frá umhverfinu. Þá á ég við að húðflúraðir einstaklingar séu gagnrýndir ekki eingöngu fyrir að vera húðflúraðir heldur einnig fyrir það hvernig fötum þeir ganga í og hvernig hárgreiðslu þeir eru með. Sem dæmi um þessa skilgreiningu eða gagnrýni má nefna það sem ég kalla „hnakkahúðflúr”, það eru húðflúr sem sá hópur í samfélaginu ber sem gengur undir nafninu „hnakkar”. „Hnakkahúðflúr” eru að mínu mati til dæmis ofangreind „tribal” húðflúr sem ungir karlmenn nota til að reyna að sanna karlmennsku sína og svokölluð „tramp stamp” en það eru „tribal” húðflúr sem eru fyrir ofan mjóbakið á stelpum. Í mínum augum er ákveðin samfélagshópur sem að fær sér slík húðflúr.

Þó að þetta séu að sjálfsögðu fordómar í mér, og ekki réttmætir í sjálfu sér þar sem að ég ber sjálf „tramp stamp” (ísl. drósarstimpill), þá held ég að skilgreiningar af þessu tagi séu algengar á meðal allra, hvort sem þeir beri húðflúr sjálfir eða ekki. Sem dæmi um staðalímyndir sem þessa í samfélaginu má nefna að þegar að ég fór með mikið húðflúraðri vinkonu minni í sund þá vorum við gagnrýndar fyrir að vera eins og „mótorhjólakonur” þó að við höfum hvorugar verið á mótorhjólum og tengjumst þeirri menningu á engan hátt.

Velta má fyrir sér af hverju húðflúr á mjóbak hjá kvenfólki hefur fengið nafngjöfina „tramp stamp”. Það er niðrandi og gerir í raun lítið úr einstaklingnum sem ber húðflúrið. Hugsanlega er það einmitt ástæðan fyrir nafngiftinni. Þegar kvenmenn fóru í auknum mæli að fá sér húðflúr fóru þær yfir á svæði þar sem karlmenn höfðu verið nánast allsráðandi og ógnuðu þar með karlmennsku þeirra. Til að ná sér niður á kvenmönnum og til að koma óröð á húðflúraða kvenmenn hafi húðflúraðir karlmenn þar af leiðandi komið þessari nafngjöf á, en það eru að sjálfsögðu getgátur hjá mér, ég hef engar heimildir fyrir því. Þess má þó geta að upp úr 1960 máttu ógiftar konur í Bandaríkjunum ekki fá sér húðflúr nema að þær væru lesbíur. DeMello segir í bók sinni *Bodies of Inscription* að giftar konur hafi mátt fá húðflúr með þeim skilyrðum að eiginmaður þeirra kæmi með og að þau sýndu fram á giftingarvottorð. Karlmenn voru

---

<sup>55</sup> Sanders, Clinton. „Drill and Frill: Client Choice, Client Typologies, and Interactional Control in Commercial Tattooing Settings“.

varir um orðspor kvenna og vildu ekki að „góðar stúlkur“ fengju á sig slæmt orðspor með því að vera húðflúraðar, ef þær voru ógiftar með húðflúr voru þær orðnar „tramps“ eða druslur.<sup>56</sup> Með þessu má í raun gefa sér að ákveðin togstreita ríki og hafi ríkt ekki eingöngu á milli húðflúraðra einstaklinga og þeirra sem ekki bera húðflúr heldur einnig í hópi þeirra sem bera húðflúr sjálfir.

Það sem mestu máli skiptir í þessum vangaveltum er í raun að það að bera húðflúr er hluti af lífstíl sem einstaklingurinn velur sér. Flestir gera sér grein fyrir því að húðflúr eru varanleg, verða hluti af því hvernig líkaminn lítur út það sem eftir er ævinnar og vanda val sitt eftir því. Þó að margir af þeim sem ég hef rætt við segist ekki myndu fá sér þau húðflúr sem þau bera ef þau væru ekki þegar til staðar þá vill heldur enginn láta breyta þeim eða taka þau af þar sem þau eru hluti af fortíðinni og þeirri þróun sem hefur orðið á manneskjunni. Í okkar samfélagi leitast fólk með því að fá sér húðflúr yfirleitt eftir því að verða einstakt og sýna persónuleika sinn. Það má kannski útskýra með því að við búum í samfélagi sem leggur mikla áherslu á einstaklinginn, að hann rækti eigin líkama og heilbrigði og hugsu fyrst og fremst um sjálfan sig. Eftirfarandi lýsing er höfð eftir húðflúrara í bókinni *Bodies of Inscription* en svona lýsir hann hugmyndum viðskiptavina:

I am an individual, I want to be an individual. I don't want something that somebody else has. I don't want this flash crap on the wall because, if it's up here on the walls, eight hundred million other people have that design.<sup>57</sup>

Í kjölfar ofangreindra breytinga á samfélaginu upp úr 1970 hafa húðflúr öðlast nýtt líf og merkingu. Fyrir þann tíma voru lægri stéttir samfélagsins allsráðandi innan húðflúrheimsins. Lægri stéttirnar fengu sér yfirleitt húðflúr til þess að tilheyra ákveðnum hópi og húðflúrin höfðu merkingu innan þessara hópa. Eftir að millistéttin fór að taka þátt í heimi húðflúranna vildi hún skilja sig frá lægri stéttum og bjó því til eigin skilgreiningu á húðflúri og tengdi þau við list. Hætt var að hugsa um húðflúr sem „ómenningu“ og óhreinindi á líkamanum og þau urðu þess í stað hluti af daglegu lífi millistéttarinnar. Þessi tenging átti þó eingöngu við ef hinn „almenni“ borgari samþykkti og ef húðflúrið þótti smekklegt.

---

<sup>56</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*

<sup>57</sup> DeMello, Margo. *Bodies of Inscription*. Bls. 92.

Ég er einstaklingur, ég vill vera einstaklingur. Ég vil ekki eitthvað sem einhver annar er með. Ég vill ekki þessar „veggmyndir“ vegna þess að ef þær eru á veggnum eru 800 milljónir annarra með sömu myndina.

Almenningsálit virðist enn þann dag í dag hafa töluverð áhrif innan húðflúrheimsins eins og sjá má á því að húðflúraðar konur eru dæmdar meira en húðflúraðir karlmenn og margir virðast enn hallast að því að húðflúr séu „ókvenleg“.

Í gegnum breytingarnar varð skilningur fólks á eigin líkama annar og húðflúr urðu í fyrsta skipti tengd við persónulegan þroska. Merking húðflúra varð sambland á milli persónulegrar merkingar og þeirrar merkingar sem samfélagið leggur í þau. Húðflúr hafa því breyst á undanförunum árum á þann veg að í stað þess að sýna karlmennsku og tengsl milli hópa, sýna þau persónuleika einstaklingsins sem það ber og hvað sá aðili hefur gengið í gegnum í lífinu. Ekki eru þó allir sem tjá sig á þennan hátt heldur nota sumir húðflúr eingöngu til að fegra og skreyta líkamann.

## Þróun á Íslandi

Heimur húðflúrs á Íslandi er ekki stór og skriflegar heimildir um hann af skornum skammti. Þrjár lokaritgerðir hafa verið skrifaðar við Háskóla Íslands og ein við Listaháskólann í grafískri hönnun. Tvær af ritgerðunum frá Háskóla Íslands eru eftir Ernu Kristínu Hauksdóttur. Önnur er BA – ritgerð í sálfræði en hin í mannfræði. Sálfræðiritgerðin nefnist *Húðflúr og félagsleg samsemd* og fjallar um tengsl húðflúrs og félagslegar samsemdar. Í ritgerðinni eru tvær tilgátur, annars vegar hvort að húðflúraðir einstaklingar meti aðra húðflúraða jákvæðar en þeir sem ekki bera húðflúr og hins vegar hvort að munur sé á því þegar einstaklingar meta húðflúraða eða óhúðflúraða konu. Í ritgerðinni er fyrri tilgátan studd en hin að hluta. Til að fá fram niðurstöður voru notaðir spurningarlistar sem 260 háskólanemar svöruðu. Mannfræðiritgerð Ernu heitir *Húðflúr, tákni einstaklingsins eða félagsleg afurð*. Í þeirri ritgerð fjallar Erna um húðflúr og menningu tengda þeim í mismunandi löndum og kenningar um líkamann. Þriðja ritgerðin er BA – ritgerð í félagsfræði eftir Guðnýju Kjartansdóttur. Sú ritgerð heitir *Frávik eða fagurfræði, viðhorf til húðflúrunar í sögulegu samhengi*. Ritgerðin fjallar um færslu viðhorfa til húðflúrunar frá frávik til fagurfræði, farið er í gegnum frávik og frávikshegðun. Einnig eru skoðaðar breytingar á skilgreiningu á húðflúri og hvernig húðflúr standa í nútímameningu.

Saga húðflúrs á Íslandi er einnig tiltölulega stutt miðað við sögu margra annarra landa. Það er tiltölulega stutt síðan farið var að gera húðflúr á Íslandi, það var ekki til neinn markaður fyrir þau af viti fyrr en upp úr 1990, fyrir þann tíma var eingöngu einn viðurkenndur húðflúrari starfandi á Íslandi og húðflúr almennt tengd við sjóara og aðra jaðarhópa. Sjóarahúðflúrin eru þau húðflúr sem eldri sjómenn bera, yngri kynslóð sjómanna virðist ekki bera slík húðflúr. Engar ritaðar heimildir eru til um slík húðflúr á Íslandi en margir þessara manna eru enn á lífi. Eftir því sem ég kemst næst hafa húðflúrin verið einhverskonar manndómstákn. Með því að bera húðflúr voru sjóarar innlimaðir í hóp „alvöru“ sjómanna. Oft á tíðum voru menn drukknir þegar húðflúrin voru gerð og mundu jafnvel ekki eftir þeim daginn eftir. Það kom einnig fyrir að menn voru bornir ofurölvi á húðflúrstofur og félagarnir völdu bæði húðflúr og staðinn á líkamanum. Þessi svokölluðu sjóarahúðflúr voru ekki gerð með nútímatækni húðflúrsins

heldur bókstaflega barinn inn í líkamann með beittu áhaldi og hamri.<sup>58</sup> Ég veit ekki til þess að aðrar starfstéttir á Íslandi hafi merkt líkama sinn markvisst með þessum hætti. Vera má að sjóarahúðflúrin hafi líka komið til vegna hræðslu sjómanna við að drukna. Húðflúrin gæfu þá til kynna hverjir þeir væru ef þeir fyndust illa útleiknir eftir veru í hafinu. Einnig er hugsanlegt að húðflúrin hafi átt að gefa ævintýramennsku til kynna þar sem að sá sjómaður sem bar húðflúr sýndi að hann hefði ferðast erlendis á ókunnugar slóðir.

Í dag eru húðflúrstofur orðnar fleiri á Íslandi og þeir sem bera húðflúr orðnir viðurkennandi hópur í samfélaginu en áður.<sup>59</sup> Húðflúrarnir sem ég ræddi við telja að upphaf vinsælda húðflúra á Íslandi megi rekja til þess þegar Björk Guðmundsdóttir söngkona lét húðflúra Ægishjálma á upphandlegginn einhvern tíma á árunum 1988 – 1990. Þá voru þeir sem ég ræddi við ekki teknir til starfa. En þegar þeir byrjuðu árin 1993 og 1995 sáu þeir ennþá merki um áhrif Bjarkar á húðflúr þar sem fólk var ennþá að biðja um Ægishjálma. Þeir sögðu sjálfir að áður en að Björk kom fram á sjónarsviðið hafi þeir sem báru húðflúr einkum verið fangar, sjóarar og aðrir „delar“. Samkvæmt þeim hefur húðflúr verið vinsælt á Íslandi síðan.<sup>60</sup>

Þeir einstaklingar sem ákveða að fá sér húðflúr virðast ekki einskorðast við einn ákveðinn hóp þó að húðflúrarárar á Íslandi segja kúnnahópinn sinn aðallega vera fólk á aldrinum 18-30 ára. Þó að fólk á þeim aldri virðast vera þeir sem helst fái húðflúr er kúnnahópurinn á öllum aldri og elsti einstaklingurinn sem þeir segjast hafa húðflúrað var allavega 75 ára.<sup>61</sup>

---

<sup>58</sup> Höfundur hefur ekki beinar heimildir um þessi húðflúr. Þessar upplýsingar eru komnar frá föður höfundar, sem var sjómaður og dó árið 2000. Einnig hefur höfundur unnið með fyrrverandi sjómönnum sem hafa húðflúr sem þessi.

<sup>59</sup> Viðtal 3 (2008, 6.mars). Viðtal höfundar við eigendur og starfsmenn Íslensku húðflúrstofunnar, Jón Pál, Búra og Fjölni (í vörslu höfundar).

<sup>60</sup> Viðtal 3 (2008, 6.mars). Viðtal höfundar við eigendur og starfsmenn Íslensku húðflúrstofunnar, Jón Pál, Búra og Fjölni (í vörslu höfundar).

<sup>61</sup> Viðtal 3 (2008, 6.mars). Viðtal höfundar við eigendur og starfsmenn Íslensku húðflúrstofunnar, Jón Pál, Búra og Fjölni (í vörslu höfundar).

Húðflúrarnir töldu að rúnahúðflúr væru þau húðflúr sem væru einna vinsælust á Íslandi í dag. Með því að fá sér rúnir töldu þeir að fólk væri að leita í eitthvað íslenskt, eitthvað sem tengdist íslenskri menningu. Þeir sögðu að rúnirnar væru „tribalinn“ okkar: „Fólk finnur tengingu í húðflúrunum. Þetta er það grafíska efni sem til er úr íslenskri sögu. Við eigum ekkert frá miðöldum eða neitt svoleiðis“. Þeim fannst líklegast að rúnir væru jafn vinsælar og þær eru vegna þessa. Þeir sögðu jafnframt að ekki séu til heimildir um margt úr íslenskri menningarsögu en að rúnirnar séu eitt af því fáa sem hafi varðveist. Rúnirnar eru einnig grafískar og líti vel út, en það er eiginleiki sem þeir sem eru að fá sér húðflúr leiti eftir. Þeir sögðu einnig að rúnunum sem fólk fengi sér megi skipta í tvennt. Það séu annars vegar orð eða setningar sem fólk lætur flúra á sig, þar af séu eigin nöfn vinsælust, og svo hins vegar myndir, svokölluð galdratákn.

Húðflúrarnir segja: „Stelpurnar eru meira í Ægishjálmunum og strákarinnir kannski meira að fá sér nafnið sitt“.<sup>62</sup> Hildur staðfesti þessar hugmyndir um rúnahúðflúr þegar hún var spurð um þau húðflúr sem hún ber. Á öðrum handleggnum ber hún örlagavef eftir mynd sem hún fann á Internetinu (sjá mynd 13).



**Mynd 13: Örlagavefur Hildar**

Henni fannst fallett að bera örlagavef af því að hann tengist menningu okkar í gegnum ásatrúna. Skilaboðin með húðflúrinu þjóna þeim tilgangi að minna hana á að allt sem hún gerir hefur áhrif á hana í framtíðinni. Húðflúrið er ekki stórt, um það bil tveir sentimetrar, og það fer nánast í hring um handlegginn, þó það nái reyndar ekki alla leið heldur rakni upp. Upphaflega myndin



**Mynd 14: Hávamál Rutar.**

sem Hildur fann raknaði ekki upp en húðflúrarinn bætti því við. Hildi fannst það vera spennandi eiginleiki við húðflúrið, maður veit aldrei hvað getur gerst. Hún sagði að það gerist oft í lífinu, að hlutir rakni upp.<sup>63</sup>

Annað sambærilegt dæmi má sjá á Rut (sjá mynd 14), en hún ber erindi úr Hávamálum<sup>64</sup> á ristinni í rúnunum en henni finnast rúnirnar vera táknrænar fyrir sig. „Mér finnst það flott,

<sup>62</sup> Viðtal 3 (2008, 6.mars). Viðtal höfundar við eigendur og starfsmenn Íslensku húðflúrstofunnar, Jón Pál, Búra og Fjölni (í vörslu höfundar).

<sup>63</sup> Viðtal 4 (2008, 6.júlí). Viðtöl höfundar við Helgu Katrínu Emilsdóttur og Hildi Hlíf Hilmarsdóttir (í vörslu höfundar)

<sup>64</sup> Deyr fé, deyjja frændur, deyr sjálfur ið sama. En orðstír deyr aldregi, hvem er sér góðan getur.

þetta eru rúnir, mér finnst meiningin svo flott”.<sup>65</sup>

Húðflúr virðast ekki vera mjög áberandi í íslensku samfélagi. Þó að húðflúrstofur á Íslandi séu tiltölulega margar miðað við ekki fjölmennara land þá er ekki mikið fjallað um þær í fjölmiðlum og auglýsingar frá þeim ekki áberandi. Mér þykir líklegra að stofur séu auglýstar „á götunni”, það er að segja að viðskiptavinirnir segi öðrum frá og að húðflúrarár eignist aðdáendur þannig. Flestar húðflúrstofur eiga líka nú orðið heimasíður þar sem að væntanlegir viðskiptavinir geta skoðað hvað er í boði og hvaða verk hver húðflúrari hefur gert.

Eina umfjöllunin sem húðflúr virðist hafa fengið í íslenskum fjölmiðlum er í kringum þær húðflúrráðstefnur sem hér hafa verið haldnar, en umfjöllunin var samt sem áður af skornum skammti. Fréttamönnum virtist í mun að gefa í skyn að þarna væru hálfgerð viðundur á ferð, einstaklingar sem væru húðflúraðir frá toppi til táar og hefðu ekkert betra við tíma sinn að gera heldur en að hanga á húðflúrráðstefnu. Allt í allt hafa þrjár ráðstefnur verið haldnar hérlendis síðan árið 2006 og hefur hver ráðstefna verið stærri en sú sem var á undan. Skipuleggjendur reyna að hafa fjölbreytt úrval af húðflúrurum og bjóða til leiks erlendum húðflúrurum. Ráðstefnurnar hafa verið haldnar á krám, sem hefur hugsanlega orðið til þess að hátíðarnar fái slæmt orð á sig.

Fyrsta ráðstefnan var haldin á Gauki á Stöng, sú næsta á Grand Rokk og nú seinast á Tunglínu. Á hverju ári virðist vera mætt fleira fólk en kemst fyrir og mikill hiti inn á svæðinu. Á ráðstefnusvæðunum hefur verið boðið upp á húðflúr en ekki hefur enn fengist leyfi til að framkvæma gatanir þar. Núna seinast snerist öll hátíðin um húðflúr fyrir utan tvö borð, en á öðru þeirra var hægt að kaupa skart í líkamsgatanir og á hinu var verið að kynna „scarification”, en það er þegar húðin er skorin og sár mynduð og eftir stendur ör í laginu eins og til dæmis stjarna. Hátíðin virtist miða að því að kynna flúrara frekar en að sýna mismunandi stefnur og tækni. Ég held að þessar ráðstefnur hafi gengið ágætlega fyrir sig þó svo að þær séu kannski ekki sambærilegar erlendum ráðstefnum. Fyrir utan takmarkaða umfjöllun um þessa atburði virðast fjölmiðlar ekki skipta sér mikið af húðflúrum landans eða hvernig þessi markaður gengur fyrir sig.

Skriflegar heimildir eru ekki heldur margar. Ekkert íslenskt tímarit um húðflúr hefur verið gefið út og enginn sérstakur markaður virðist vera til staðar. DeMello eyðir tölvuverðu púðri í að ræða mismunandi tímarit um húðflúr í bók sinni. Þar ræðir hún um muninn á tímaritum og þeim markhópum sem lesa þau. Hún nefnir helst tvær ólíkar stefnur sem tímaritin taka. Annars vegar eru tímarit sem eru ætluð svokölluðum

---

<sup>65</sup> Viðtal 2 (2008, 23. júní). Viðtal höfundar við Rut Elíasdóttur ( í vörslu höfundar)



mótorhjólaköppum og lágstétt. Í þeim tímaritum birtast til að mynda berar konur, vörur fyrir húðflúr eru auglýstar (þá á ég við vörur sem eru ætlaðar til að búa til húðflúr, byssur, blek og annað því tengt) og myndir af húðflúrum lesenda eru prentaðar á öðruvísi og lélegri pappír heldur aðrir hlutar blaðsins. Sá hluti blaðsins sem sýnir húðflúr lesenda hefur verið gagnrýndur af lesendum og ritstjórum annarra tímarita fyrir að nafn húðflúrarans komi ekki endilega fram.

Hin tegundin af tímaritum er frekar ætluð millistéttinni. Það kemur til dæmis fram í því að pappírinn sem tímaritin er prentað á er betri og þar eru vörur fyrir húðflúr ekki auglýstar. Þessi tímarit leggja meira upp úr því að koma með fræðilegar greinar um húðflúr og sýna þau í jákvæðu ljósi. Í þeim eru heldur ekki myndir af beru kvenfólki. Ég hef undir höndum tvö tímarit um húðflúr sem bæði eru bresk. Það eru tímaritin *SkinDeep* og *Total Tattoo Magazine*. Þetta eru að sjálfsögðu ekki marktækt úrtak en þau eru samt sem áður sitt af hvorri tegundinni alveg eins og DeMello ræðir um. *Total Tattoo Magazine* virðist frekar vera ætlað millistétt á meðan *SkinDeep* fellur alveg að lýsingu á tímaritum lágstéttar og mótorhjólakappa sem DeMello talar um. Í þeim hluta sem birta myndir af húðflúrum lesenda koma nöfn húðflúraranna ekki fram þó að nafnið á stofunum þar sem þau voru gerð komi fram. *Total Tattoo Magazine* birtir einnig mismunandi greinar um húðflúr, til dæmis um „Ramanami” hópinn á Indlandi (bls. 34 – 38) og um það hvernig húðflúr hjálpuðu ungum manni í gegnum erfiða lífsreynslu (bls. 50 – 53). *SkinDeep* einbeitir sér aftur á móti að því að sýna myndir af húðflúrum og birtir lítið sem ekkert af greinum, nema til að kynna til sögunnar ákveðna húðflúrara (bls.20 – 26).

Það virðist einungis vera ein íslensk heimasíða sem sérhæfir sig í húðflúri og líkamsgötunum. Það er krækja á [www.hugi.is](http://www.hugi.is). Krækjan er undir dálknum lífstíll og heitir húðflúr og götun. Þar inni geta áhugasamir leitað sér upplýsinga eða deilt með öðrum lesendum reynslusögum sínum af húðflúrum eða götunum. Öðru hverju má lesa áhugaverðar greinar sem einhver notandi hefur tekið saman en eins og með margar aðrar spjallrásir veit maður ekki um heimildagildi þess sem maður les. Notendur <http://www.hugi.is/hudflur/> virðast að miklu leiti vera unglingar sem hafa ekki náð tilsettum aldri til að fá húðflúr en eru samt sem áður mjög áhugasamir.

Segja má að húðflúr hafi orðið aðgengilegra með Internetinu. Þar er hægt að finna allt sem hugurinn gírnist um húðflúr, til dæmis lífsreynslusögur húðflúraðra einstaklinga, ljósmyndir af húðflúrum og jafnvel má læra að gera húðflúr og kaupa sér búnað þar. Margir virðast finna mynd af húðflúri sem þeim langar að bera á Internetinu

og fara með myndina til flúrara til þess að útfæra hana á líkamann. Í því samhengi finnst mér ég sjá að fólk velji sitt fyrsta húðflúr gjarnan beint af mynd og fái það án breytinga á líkamann en þegar kemur að því að velja seinni húðflúr að þá hafi fólk aðrar skoðanir. Þá hafi það jafnvel kynnt sér verk húðflúrara og vilji frekar „persónulegra“ húðflúr. Ég geri ráð fyrir að Internetið sé sá staður sem miðlar upplýsingum um húðflúr einna best í dag.

Ákveðin spenningur og forvitni virðast ríkja í samfélaginu um húðflúr. Að mínu mati sést það til dæmis á því að það er markaður fyrir vörur sem líta út eins og húðflúr, boli sem eru með mynstri eins og viðkomandi sé með húðflúr og fleiri vörur í þeim dúr. Eins eru til margskonar tímabundin húðflúr fyrir börn, litlar myndir sem festast á húðinni og börn skreyta sig með. Einnig eru myndir af húðflúrum oft á tíðum notaðar í auglýsingum, þrátt fyrir að húðflúrið sé alls óskyldt efninu sem er verið að auglýsa.

Það má vera að þau börn sem alast upp við að leika sér með gervihúðflúr finni fyrir minni fordómum í garð húðflúraðra heldur en verið hefur í gegnum tíðina. Tíðarandinn er alltaf að breytast og húðflúr virðist stefna í átt að því að verða viðurkennd í samfélaginu. Vera má að það tengist viðhorfsbreytingum til líkamans á undanförunum áratugum. Í dag þykir minna mál en áður að breyta líkamanum eftir smekk. Van Dijck talar um lýtaaðgerðir í grein sinni: „Bodyworlds: The Art of Plastinated Cadavers”. Þar segir til dæmis að ef viðkomandi sé óánægður með eitthvað í fari sínu þygi ekkert sjálfsgaðara en að fara til lýtalæknis og láta laga eða betrubæta. Við búum í þannig samfélagi að allir eigi að vera eins fullkomnir og hægt er, sama hvaða brögðum er beitt.<sup>66</sup> Þó standa kynin ekki jafnfætis í þessum efnunum. Það er viðurkenndara að konur fari í lýtaaðgerðir heldur en karlmenn. Það þykir nánast sjálfsagt að kona fari og láti laga það sem hún er óánægð með en lítið er hornauga á karlmenn sem gera slíkt hið sama. Á sama hátt er hægt að halda því fram að það sé frekar samþykkt að karlmenn fái sér húðflúr heldur en kvenmenn, þar komast þeir upp með meira. Lýtaaðgerðir og húðflúr eru bæði gerð í þeim tilgangi að betrubæta líkamann. Í báðum tilfellum eru einstaklingarnir að fegra eigin líkama þar sem þeir vilja líta betur út. Húðflúr og lýtaaðgerðir eiga það einnig sameiginlegt að báðar aðgerðir eru nánast óafturkræfar.

Ekki er hægt að líkja húðflúri saman við föt eða fylgihluti fólks þar sem ekki er hægt að fjarlægja húðflúr en tískustraumar koma engu að síður fram í húðflúrsmenningu eins og annarsstaðar. Eins og áður hefur komið fram virðast rúnahúðflúr vera að sækja í

---

<sup>66</sup> van Dijck, José. „Bodyworlds: The Art of Plastinated Cadavers“.

sig veðrið núna á kostnað „tribal“ húðflúra sem hafa verið vinsæl fram að þessu.<sup>67</sup>

Húðflúr virðast ekki fara eftir hefðbundnum tískusveiflum þar sem húðflúr virðist hafa verið í tísku að einhverju leiti undanfarna áratugi. Húðflúr eru samt sem áður eins og annað í samfélaginu í sífelldri þróun.

Lítið hefur verið skrifað um íslenska húðflúrsmenningu og mér fannst ekkert af því efni sem ég fann fara inn á þau svið sem ég vildi skoða í ritgerðinni minni. Heimur húðflúrs á Íslandi hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum, viðskiptavinir breyst úr því að vera jaðarhópar í það að ná til allra hópa samfélagsins. Samkvæmt íslenskum húðflúrurum eru rúnahúðflúr vinsæl, fólki virðist finna tengingu í gegnum rúnirnar og vilji með þeim heiðra íslenska menningu. Segja má að rúnirnar og galdratáknin séu einu „íslensku“ húðflúrin.

Þrjár húðflúrráðstefnur hafa verið haldnar á héraendis en þær hafa tiltölulega lítið verið ræddar í fjölmiðlum. Erlendis eru til tímarit sem fjalla eingöngu um húðflúr en ekkert íslenskt tímarit um húðflúr hefur enn verið gefið út. Þó er til ein krækja á Internetinu þar sem að einstaklingar geta leitað sér upplýsinga og spurst fyrir en Internetið virðist verða öflugari og öflugari miðill um húðflúr með hverju árinu sem líður. Húðflúr virðist verða útundan þegar lífstílsbreytingar undanfarna áratugi eru ræddar.

Fólk virðist fá sér húðflúr til þess að fegra líkamann og betrubæta hann að eigin mati. Þó að húðflúr séu ekki sjaldgæf lengur í okkar samfélagi þá virðist almenn umræða um húðflúr benda til þess að almenningur, þeir sem ekki bera húðflúr, sjái húðflúr sem einhverskonar afskræmingu á líkamanum. Það sést best á því hvernig umfjöllun um uppákomur eins og húðflúrráðstefnur fá í fjölmiðlum. Samt sem áður virðist ríkja ákveðin forvitni um húðflúr og allir hafi skoðanir á þeim hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar.

---

<sup>67</sup> Viðtal 3 (2008, 6.mars). Viðtal höfundar við eigendur og starfsmenn Íslensku húðflúrstofunnar, Jón Pál, Búra og Fjölni (í vörslu höfundar).

## Niðurlag

Húðflúr sjást ekki mikið á Íslandi. Hugsanleg skýring gæti verið að flestir sem þau bera eru ekki með þau á stöðum sem eru sýnileg dags daglega.

Ég hef ítrekað heyrt að fólk vildi gjarnan fá sér stærri og sýnilegri húðflúr ef það væri ekki vegna viðmótsins í samfélaginu. Fólk óttast að erfiðara væri að fá vinnu við hæfi ef það bæri húðflúr yfir allan handlegginn eða annað sambærilegt. Þó svo að almenningur virðist vera farinn að gera sér grein fyrir því að þeir einstaklingar sem bera húðflúr séu ekki verri heldur en hver annar virðist samt sem áður ríkja ákveðin hræðsla og fordómar í þeirra garð. Hræðslan er að öllum líkindum tengd þeirri staðalímynd að húðflúraða einstaklinga beri að varast. Það virðist taka langan tíma að breyta hugsunarhætti hins almenna borgara um húðflúr, að þau séu ekki óhreinindi á húðinni og að þeir sem þau beri séu ekki með smitandi sjúkdóma.

Þrátt fyrir þetta eru húðflúr ekki lengur sjaldgæf eða tengd við ákveðna samfélagshópa. Hver sem er ætti að geta borið húðflúr með stolti, hvar sem hann er í þjóðfélagsstiganum. Búið er að samþykkja húðflúr að miklu leiti í samfélaginu þó svo að mjög stór húðflúr eða flúr á áberandi stöðum eins og höndum og andliti veki enn upp blendnar tilfinningar. Ef til vill er algengara að konur frekar en karlar verði fyrir fordómum vegna húðflúra sem þær bera. Þrátt fyrir að þær séu nánast helmingur af þeim sem bera húðflúr í dag virðast þau ennþá vera talin „ókvenleg“. Karl mönnum leyfist meira þegar kemur að húðflúrum.

Þeir einstaklingar sem ég ræddi við sýndu mér óhikað húðflúrin sín og fækkuðu jafnvel fötum til að sýna mér þau. Flestir sem ég ræddi við vildu líka endilega útskýra húðflúrin sín og þó þeir hafi sagt í fyrstu að það væri nú ekki mikið um þau að segja, þá fylgdu gjarnan langar útskýringar og frásagnir um húðflúrin og þá fyrst og fremst hvaða merkingu þau hefðu. Stundum hafði ég reyndar á tilfinningunni að fólk hefði búið til merkingu fyrir húðflúrin sín eftir að þau voru gerð og væri jafnvel að uppgötva tilfinningar í garð húðflúrsins á meðan að viðtalinu stóð. Það kom mér á óvart að útskýra þarf nánast öll húðflúr til þess að sú merking sem sá sem ber húðflúrið leggur í það skili sér. Þó svo að ástæða húðflúrsins virðist við fyrstu sýn vera nokkuð ljós þá er mjög líklegt að önnur og persónulegri ástæða liggi á bakvið hjá þeim sem ber húðflúrið. Þó svo að örfá húðflúr séu gerð vegna uppreisnar einstaklingsins gegn samfélaginu virðist það alls ekki vera algengt heldur eru þau flest vel skipulögð og úthugsuð. Engin af þeim húðflúrum sem ég skoðaði voru til dæmis skyndiákvarðanir. Það sem gæti

reyndar haft áhrif í þeim efnum er að flestir húðflúrarar á Íslandi neita að húðflúra drukkna einstaklinga. Þar af leiðandi getur fólk heldur ekki falið sig á bak við þá afsökun að það hafi verið drukkið þegar ákvörðunin um að fá sér húðflúr var tekin.

Þó að íslenskar heimildir um húðflúr séu ekki margar geri ég ráð fyrir að markaður héraendis sé töluvert stór miðað við ekki stærra land og við eigum færa húðflúrara eins og sannaði sig þegar Íslendingar tóku í fyrsta skipti þátt í erlendri sýningu síðastliðið sumar og komust á verðlaunapall.<sup>68</sup>

Fyrir 1970 var úrval af húðflúrum ekki mikið. Þau húðflúr sem voru í boði héngu upp á vegg á stofum húðflúraranna. Með tilkomu millistéttarinnar inn í heim húðflúrsins breyttist ímynd húðflúra úr því að úr því að vera talin „ómanning“ og óhreinindi á líkamanum og þau urðu „listvædd“, innlimuð í daglegt líf millistéttarinnar. Eftir þessar breytingar leitast fólk eftir því að sýna persónuleika sinn í gegnum húðflúr sem flúrari hefur hannað sérstaklega fyrir tilefnið í stað þess að bera „stöðluð“ tákn eins og áður tíðkaðist. Þetta mætti kannski útskýra á þann hátt að við búum í samfélagi sem leggur mikla áherslu á einstaklinginn, að hann rækti eigin líkama og sjálf.

Í þessari ritgerð hef ég skoðað ástæður þess að fólk lætur húðflúra sig og þær tilfinningar sem liggja að baki hverju húðflúri. Þó svo að engar sláandi niðurstöður hafi komið fram sýnist mér að ástæður þess að einstaklingar fái sér húðflúr séu fjórar. Fyrst eru það húðflúr sem deila minningum fólks, sorg eða gleði með öðrum. Þessi húðflúr virðast oft á tíðum hjálpa einstaklingnum í gegnum erfið tímabil í lífi þeirra. Svo eru það húðflúr sem eiga að sýna innri mann þess sem það ber, sýna persónuleika einstaklingsins. Þau húðflúr eru þó oft á tíðum illskiljanleg fyrir aðra en þá sem þau bera ef þau eru ekki útskýrð. Þriðji flokkurinn eru þau húðflúr sem eru til skreytingar á líkamanum, án þess að nein dýpri merking búi þar að baki. Seinast eru þau húðflúr sem eru fengin í hópum, til dæmis innan vana eða fanga. Undir þessa skilgreiningu falla einnig húðflúr starfsstétta, samanber ofangreind sjómannahúðflúr.

Húðflúr virka fyrir suma sem þau bera eins og einhverskonar spegill sálarinnar til að sýna öðrum í kringum sig lífsreynslu sína og tilfinningar. Húðflúrið er þá framlenging á persónuleika viðkomandi, sameinar sál og líkama ásamt því að segja frá því sem viðkomandi hefur gengið í gegnum.

---

<sup>68</sup> <http://www.visir.is/article/20080904/LIFID01/57300945&SearchID=73329465524392>

Grunnurinn að því af hverju einstaklingar láta húðflúra sig virðist alltaf vera sá sami, þeim finnst það fallegt og þeir vilja bera húðflúr, þó að ástæðurnar geti verið mismunandi eins og fram hefur komið. Allir þeir sem ég talaði við finnast húðflúraðir líkamar fallegri en óflúraðir og skilja ekki þá sem ekki vilja bera húðflúr. Samfélagið virðist því skiptast í tvo hópa, þá sem bera húðflúr og hina sem ekki gera það og hvorugur hópurinn skilur hinn. Sá orðrómur að sá sem hafi fengið sér eitt húðflúr sé líklegri til þess að fá sér fleiri virðist fyllilega standast miðað við þann hóp sem ég talaði við. Allir einstaklingarnir báru fleiri en eitt húðflúr og allir höfðu þeir áform um að fá fleiri húðflúr.

Þó að áhugi minn á húðflúrum hafi lengi verið mikill þá jókst hann til muna þegar ég byrjaði að vinna að þessari ritgerð. Öll húðflúr sem ég sé í kringum mig fanga nú athygli mína, sama hvar ég er stödd. Oft þarf ég að halda aftur af mér til að fara ekki að spyrja ókunnuga um húðflúrin sem þeir bera og það hefur gerst á samkundum að ég fer að tala við fólk að fyrri bragði til að spyrja um húðflúr sem viðkomandi ber. Við þau tilefni hefur það aldrei gerst að þessir einstaklingar væru ekki tilbúnir að ræða við mig.

Mér þykir leiðinlegt að sjá hvað lítið er til af rannsóknum á húðflúri á Íslandi og fannst erfitt að notast nánast eingöngu við erlent efni við gerð ritgerðarinnar. Þó svo að ég hafi séð að tilfinningar fólks í garð þeirra húðflúra sem það ber séu mjög sambærilegar sama hvar það er statt í heiminum þá er umhverfið allt annað. Til dæmis er munurinn á heimi húðflúra hér, í Bandaríkjunum og annarsstaðar í Evrópu mjög mikill. Ritgerðin getur í raun ekki gefið mynd af því hvernig heimur húðflúrs er á Íslandi, heldur eingöngu hjá þeim litla hópi sem ég ræddi við. Af þessu litla úrtaki má þó sjá að þær skilgreiningar á húðflúrum sem erlendir fræðimenn nota og flokka húðflúr eftir virðast sambærilegar við þær niðurstöður sem ég fékk.

Húðflúr eru tjáningarform einstaklingsins, óafturkræf listaverk á líkama hans sem endurspeglar persónuleika hans og tilfinningar.

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir:

- Benson, Susan. „Inscription of the Self: Reflections on Tattooing and Piercing in Contemporary Euro – America”. *Written on the Body. The Tattoo in European and American History*. Caplan, Jane (ritstj.). Reaktion Books Ltd, London 2000, bls. 234 – 254.
- Björn Lárus Arnórsson. *Húðflúr*. Óbirt BA – ritgerð í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands 2007.
- Camphausen, Rufus. *Return of the Tribal. A Celebration of Body Adornment*. Park Street Press, Rochester og Vermont 1997.
- DeMello, Margo. *Bodies of Inscription. A Cultural History of the Modern Ttattoo Community*. Duke University Press, Durham og London 2000.
- Dijck, van José. „Bodyworlds: The Art of Plastinated Cadavers”. *Beyond the Body Proper. Reading the Anthropology of Material Life*. Lock, Margaret og Farquhar, Judith (ritstj.). Duke University Press, Durham og London 2007, bls. 640 – 658.
- Douglas, Mary. *Purity and Danger*. Routledge, London og New York 1966.
- Erna Kristín Hauksdóttir. *Húðflúr og félagsleg samsemd*. Óbirt BA – ritgerð í sálfræði við Háskóla Íslands 2006.
- Erna Kristín Hauksdóttir. *Húðflúr, tákn einstaklingsins eða félagsleg afurð*. Óbirt BA – ritgerð í mannfræði við Háskóla Íslands 2000.
- Fleming, Juliet. „The Renaissance Tattoo”. *Written on the Body. The Tattoo in European and American History*. Caplan, Jane (ritstj.). Reaktion Books Ltd, London 2000, bls. 61 – 83.
- Fulbeck, Kip. *Permanence*. Aurum Press Ltd, London 2008.
- Freyr Bjarnason. (2008). „Varð tattúmeistari í Svíþjóð”.  
<http://www.visir.is/article/20080904/LIFID01/57300945&SearchID=73329465524392> Skoðað: 5. september 2008.
- Guðný Kjartansdóttir. *Frávik eða fagurfræði, viðhorf til húðflúrunar í sögulegu samhengi*. Óbirt BA – ritgerð í félagsfræði við Háskóla Íslands 2008.
- Óttar Guðmundsson. „Líkamsímyndir”. *Flögð og fögur skinn*. Jón Proppé (ritstj.). Íslenska menningarsamsteypan art.is, Reykjavík 1998, bls. 75 – 77.

- Pandolfi, Mariella. „Memory within the Body: Women’s Narrative and Identity in a Southern Italian Village”. *Beyond the Body Proper. Reading the Anthropology of Material Life*. Lock, Margaret og Farquhar, Judith (ritstj.). Duke University Press, Durham og London 2007, bls. 451 – 459.
- Rubin, Arnold. The Tattoo Renaissance. *Marks of Civilization. Artistic Transformations of the Human Body*. Rubin, Arnold (ritstj.). Museum of Cultural History, University of California, Los Angeles 1988, bls. 233 – 265.
- Sanders, Clinton. „Drill and Frill: Client Choice, Client Typologies, and Interactional Control in Commercial Tattooing Settings”. *Marks of Civilization. Artistic Transformations of the Human Body*. Rubin, Arnold (ritstj.). Museum of Cultural History, University of California, Los Angeles 1988, bls. 219 – 233.
- Schradar, Abby. „Branding the Other/Tattooing the Self: Bodily Inscription among Convicts in Russia and the Soviet Union”. *Written on the Body. The Tattoo in European and American History*. Caplan, Jane (ritstj.). Reaktion Books Ltd, London 2000, bls. 174 – 193.
- SkinDeep*, 157, 8. april 2008.
- Thomas, Nicholas. „Epilogue: Embodied Exchanges and their Limits” *Tattoo. Bodies, Art and Exchange in the Pacific and the West*. Thomas, Nicholas, Cole, Anna og Douglas, Bronwen (ritstj.). Reaktion Books Ltd, London 2005, bls. 223 – 227.
- Total Tattoo Magazine*, TTM042, 8. april 2008.



### **Munnlegar heimildir:**

Viðtal 1 (2008, 21.febrúar). Viðtal höfundar við Kolbrúnu Jónsdóttur (í vörslu höfundar).

Viðtal 2 (2008, 23. júní). Viðtal höfundar við Rut Elíasdóttur ( í vörslu höfundar).

Viðtal 3 (2008, 6.mars). Viðtal höfundar við eigendur og starfsmenn Íslenzku húðflúrstofunnar, Jón Pál Halldórsson, Fjölmi Geir Bragason og Halldór Búra Hallgrímsson (í vörslu höfundar).

Viðtal 4 (2008, 6.júlí ). Viðtöl höfundar við Helgu Katrínu Emilsdóttur og Hildi Hlíf Hilmarisdóttir ( í vörslu höfundar).

Viðtal 5 (2008, 18.ágúst ). Viðtal höfundar við Þórir Hilmarsson (í vörslu höfundar).

Viðtal 6 (2008, 10. ágúst ). Viðtal höfundar við Örn Geirdal (í vörslu höfundar).